

AMATEUR ICELANDIC ROCKETRY

Á hljóðhraða til himins

græjur
allt í MIDJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

Heimilið sviðsett fyrir fasteignamyndatöku

Sérblað um fasteignir
FYLGIÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



BJÖRN HLYNUR HARALDSSON

Stjörnufans í Superstar

Sýning með lögnum úr Jesus Christ Superstar
FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. mars 2007 – 77. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Lærið meira um Kjarval

Einar Garibaldi Eiríksson myndlistarmaður er einn fyrirlesara á námskeiði Listasafns Reykjavíkur um málarrann Jóhannes S. Kjarval.



MENNING 21

Einbeittir sér að uppeldinu

Angelina Jolie ætlar að sinna víetnómiskum syni sínum næstu mánuðina.



FÓLK 22

Harakiri Framsóknar

„Sneypuför Framsóknar var fullkomnuð með því að hún lét íhaldið knýja sig til að senda auðlindaákvæðið aftur inn í stjórnarskrárnefnd forsætisráðherra,“ segir Össur Skarphéðinsson.

Í DAG 16


Oddaleikur í Borgarnesi

Skallagrímismenn tryggðu sér oddaleik á þriðjudaginn með sjö stiga sigri í Grindavík í gær en Íslandsmeistarar Njarðvíkur eru komnir í undanúrslitin eftir öruggan sigur í Hveragerði.



ÍPRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



YFIRLEITT HÆGUR - Í dag verður hæg breytileg átt vestan til á landinu en áfram leifar af strekkingi austan til. Stöku el norðan og austan til en bjart veður syðra. Frost víðast 3-8 stig.

VEÐUR 4



MEISTARATAKTAR Kristjana Sæunn Ólafsdóttir úr Gerplu varð Íslandsmeistari í gólfæfingum á Íslandsmóttinu í áhaldafimleikum sem fram fór um helgina. Hér sýnir hún frábærar æfingar sínar. Fimleikafólkið í Gerplu var mjög sigursælt á móttinu og fékk öll verðlaunin nema sex. - sjá síðu 27

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenskunám kennaranema skorið niður

Prófessorar við Kennaraháskóla Íslands lýsa miklum áhyggjum af niðurskurði á íslenskukennslu við skólann og ætla að berjast gegn honum. Rektor segir þurfa að auka sérhæfingu og minnka forræðishyggju.

MENNTUN Þrjár prófessorar í íslensku við Kennaraháskóla Íslands lýsa miklum áhyggjum af rýrum hlut íslenskukennslu í kennaranámi í nýrri kennsluská skólans sem taka á gildi næsta haust. Þetta kemur fram í bréfi sem Baldur Hafstað, Sigurður Konráðsson og Veturlíði Óskarsson hafa ritað Íslenskrí málnefnd, Ólafi Proppé rektor og námsnefnd kennarabrautar skólans.



BALDUR HAFSTAÐ ÓLAFUR PROPPÉ

Í nýju kennsluskánni er meðal annars gert ráð fyrir að íslenskukennsla nema í fagkennaranámi fyrir eldri stig grunnskóla minnki úr tólf einingum í tvær, sem yrðu hluti af fimm eininga námskeiði um ritun fræðitexta, samskipti og upplýsingatekni.

„Við höfum af þessu miklar áhyggjur,“ segir Baldur. „Þeir sem vilja sérhæfa sig á unglingsstigi, sem er nokkuð stór hluti kennara, munu ekki fá neina íslenskukennslu sem heitið getur.“ Baldur segist þó nokkuð sáttur við það að þeir sem nemi til almennra bekkjarkennsluréttinda fái tíu eininga íslenskukennslu.

„Það lenda allir kennarar í því bæði að kenna íslensku og að leiðbeina nemendum með íslenskt mál hvaða grein sem þeir kenna,“ segir Baldur og fullyrðir að nemendur við skólann vilji síst skera niður íslenskukennsluna, frekar auka hana ef eitthvað er. „Yngra stigið og leikskólástigið er líka mjög í vandinum líka. Þar er að vísu einhver íslenskukennsla en það er ljóst að þar er verulega

skorið niður. Ég geri ráð fyrir því að menn utan skólans átti sig bara ekki á því sem er að gerast. Við munum berjast af krafti fyrir að þetta nái ekki fram að ganga og munum leita til æðri yfirvalda.“

Ólafur Proppé, rektor KHÍ, segist deila áhyggjum prófessoranna af íslenskukennslu almennt í skólum. „En það sem spurningin snýst um er hvort kennari sem til dæmis er menntaður til að kenna tónlist á líka að vera íslenskukennari. Inn-tökuskilyrði í KHÍ er stúdentspróf eða jafngildi þess þannig að allir hafa einhvern bakgrunn í íslenskunámi.“

Ólafur segir jafnframt að á mörgum sviðum verði íslenskukennslan aukin. „Sérstaklega hjá þeim sem sérhæfa sig í kennslu ungra barna.“ Hann segir breytingarnar ætlaðar til að mæta gagnrýni þess efnis að kennarar séu ekki nægilega sérhæfðir. „Þetta miðar einfaldlega að því að auka sérhæfingu og minnka forræðishyggju um það hvað allir kennarar þurfa að læra.“

Ekki náðist í menntamálaráðherra vegna málsins. -sh

Miðflokkurinn fékk flest atkvæði í kosningum til finnska þjóðþingsins:

Hægrimmenn hugsanlega í stjórn

FINNLAND Miðflokkurinn fékk flest atkvæði í kosningum til finnska þjóðþingsins, sem fram fóru í gær. Þegar yfir níutíu prósent atkvæða höfðu verið talin mældist Miðflokkurinn með naumt forskot á Hægriflokkinn og Matti Vanhanen, forsætisráðherra og formaður Miðflokksins, lýsti yfir sigri. Jafnaðarmannaflokkurinn, sem lengi var stærsti flokkur Finnlands, féll niður í þriðja sæti.



MATTI VANHANEN

Í spá sem birt var í kosningasjón-

varpi finnska ríkissjónvarpsins, YLE, var gert ráð fyrir að

Miðflokkurinn fengi 51 þingmann, einum fleiri en Hægriflokkurinn, en jafnaðarmenn fengu ekki nema 45 fulltrúa á hinu 200 manna þjóðþingi Finna. Jafnaðarmenn yrðu þar með átta fulltrúum færri

en hægrimmenn tíu fleiri en í kosningunum 2003.

Þar sem samkvæmt þessu var útlit fyrir að hægrimmenn fengu fleiri þingsæti en jafnaðarmenn var ekki útséð um hvort Miðflokkurinn kysi að mynda samsteyptjórn með Hægriflokknum að þessu sinni, en það þýddi að jafnaðarmenn færðu í stjórnarandstöðu í fyrsta sinn frá því árið 1995.

Sænski þjóðarflokkurinn fékk 4,5 prósent, jafnmikið og síðast. -aa

Wii LEIKJATÖLVA NÝ UPPLIFUN! KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ! **ORMSSON** Nær 5 milljón Wii-tölur setdar um allan heim á 3 mánuðum. ELLEFU VERSLANIR OG UMBODSMENN UM LAND ALLT

Ennþá til miðar í staði **Cliff** **mid.i.s** 28. mars

AF HVERJU EKKI KYNLIÐ **ZERO** FORLEIK? **Coca-Cola zero** EFTA BRAGD

SPURNING DAGSINS



Pétur, gerðuð þið ráð fyrir þessum möguleika?

„Í Möguleikhúsinu eru engir möguleikar útilokaðir.“

Vatn flæddi inn í húsnæði Möguleikhússins við Laugaveg í fyrradag þegar gömul vatnslögn gaf sig. Pétur Eggerz leikari er í stjórn Möguleikhússins.

Sólveig Pétursdóttir kveður: Talaði fyrir húsi á Þingvöllum

ALÞINGI Sólveig Pétursdóttir ávarpaði þingheim í síðasta sinn sem forseti Alþingis við þingfrestun í fyrrkvöld. Sólveig lætur nú af þingmennsku eftir sextán ára setu.



SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR

Í ávarpi sínu sem forseti kvaddi Sólveig þá þingmenn sem nú láta af störfum og tilgreindi sérstaklega þrjá varaforseta þingsins, Rannveigu Guðmundsdóttur, Jón Kristjánsson og Sigríði Önnu Þórðardóttur, auk Halldórs Blöndal og Margrétar Frímansdóttur.

Þá ítrekaði hún þá skoðun sína að koma ætti upp fundaraðstöðu fyrir Alþingi á sögulóðum þess á Þingvöllum.

Mannsins sem nauðgaði konu á Hótel Sögu um helgina er enn leitað:

Lögregla skoðar eftirlitsmyndavélar

LÖGREGLUMÁL Maðurinn sem nauðgaði ungru konu á kvennasalerni í kjallara Hótel Sögu aðfaranótt laugardags er enn ófundinn. Að sögn lögreglu hafa myndskráir úr eftirlitsmyndavélum af hótelinu verið skoðuð og hafa þau hjálpað til við rannsóknina.

Hrönn Greipdsdóttir, hótellstjóri Hótel Sögu, segir starfsfólk hótelsins slegið yfir atburðinum. Hún segist ekki viss um hvort hann gefi tilefni til breytinga á gæslu á hótelinu. „Auðvitað er allt skoðað niður í kjöllinn þegar svona hörmulegir atburðir verða, en við höfum sem betur fer aldrei lent í neinu svona áður og ég vona að þetta sé bara



KVENNASNYRTINGIN Maðurinn réðist á konuna inni á salemi Hótel Sögu.

algjörlega einstakt tilvik.“

Starfsfólk hótelsins reyndi að hindra það að maðurinn yfirgæfi hótelið, en ekki mun hafa verið um nein átök við manninn að ræða. „Starfsfólki mínu er uppálagt að aðstoða gesti eftir fremsta megni en

við viljum auðvitað ekki heldur að starfsfólk okkar setji sig í hættu,“ segir Hrönn.

Fram hefur komið að konan mætti annarri konu á leið inn á salernið, og hefur sú kona gefið sig fram við lögreglu.

Mannsins er sem fyrr segir enn leitað, en einhverjar vísbendingar um ferðir hans hafa þó borist lögreglu. Maðurinn er á milli tvítugs og þrítugs, um 165 sentimetrar á hæð, krúnurakaður með dökkan hársvörð, dökkar augabrúnir og dökk augu. Hann var klæddur í grænleit-ann jakka og bar grænleita derhúfu. Að sögn lögreglu er talið að maðurinn sé frá Austur-Evrópu.

Aftakaveður víða um land:

Þrjú snjóflóð féllu fyrir vestan

SAMGÖNGUR Ófært hefur verið yfir Holtavörðuheidi og Hellisheidi síðan í gær vegna aftakaveðurs. Þjörgunarsveitarnir höfðu sig alla við að ná tókum á ástandinu, en fernt var flutt á sjúkrahús eftir harðan árekstur. Fjöldi ökumanna sat fastur í bílum sínum.

Þrjú snjóflóð féllu á veginn milli Súðavíkur og Ísafjarðar í gær. Ekki lá fyrir í gærkvöld hvenær vegurinn yrði ruddur. Illviðri gekk einnig yfir norðanvert landið og Austurland. Landsþjörg hefur hvatt fólk til að leggja ekki í ferðalög að óþörfu.

Sólveig Pétursdóttir kveður: Talaði fyrir húsi á Þingvöllum

ALÞINGI Sólveig Pétursdóttir ávarpaði þingheim í síðasta sinn sem forseti Alþingis við þingfrestun í fyrrkvöld. Sólveig lætur nú af þingmennsku eftir sextán ára setu.



SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR

Í ávarpi sínu sem forseti kvaddi Sólveig þá þingmenn sem nú láta af störfum og tilgreindi sérstaklega þrjá varaforseta þingsins, Rannveigu Guðmundsdóttur, Jón Kristjánsson og Sigríði Önnu Þórðardóttur, auk Halldórs Blöndal og Margrétar Frímansdóttur.

Þá ítrekaði hún þá skoðun sína að koma ætti upp fundaraðstöðu fyrir Alþingi á sögulóðum þess á Þingvöllum.



SAMRÆMD PRÓF Hagaskóli, Árbæjarskóli og Rimaskóli eru einu skólarnir sem taka þátt í verkefninu til að byrja með. Júlíus Vífill býst fastlega við að skólunum fjölgi á næstu árum, þegar reynsla er komin á verkefnið.

Efri bekkir á tveimur árum í stað þriggja

Duglegum nemendum býðst í nýju verkefni að taka 8. til 10. bekk á tveimur árum.

„Mikilvægt að koma til móts við þá sem geta meira,“ segir skólastjóri Hagaskóla.

Formaður menntaráðs telur þessa leið betri en þá sem framhaldsskólar bjóða upp á.

MENNTUN Duglegir nemendur í sjöunda bekk grunnskóla eiga brátt kost á því að taka áttunda, níunda og tíunda bekk á tveimur árum í stað þriggja. Um er að ræða tilraunaverkefni á vegum menntaráðs Reykjavíkurborgar.

Þrjár grunnskólur borgarinnar, Hagaskóli, Árbæjarskóli og Rimaskóli taka þátt í verkefninu sem hefst í vor. Nemendur verða að hafa fengið að lágmarki átta í einkunn á samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði í sjöunda bekk til þess að geta nýtt sér flýtleiðina.

„Við vitum að það eru krakkar í grunnskóla sem geta mun meira en lagt er fyrir þá og þessu verkefni er ætlað að koma til móts við þá,“ segir Einar Magnússon,

skólastjóri í Hagaskóla. „Þetta er bara nútíminn, að gera námsleiðirnar sveigjanlegri.“

Hann segist þó ekki búast við að margir nemendur verði í fyrsta flýtleiðinni. „Mig grunar að félagslegi þátturinn sé svo sterkur hjá krökkunum að það muni ekkert ógurlega margir vilja þetta.“

Verzlunarskóli Íslands og Menntaskólinn í Reykjavík hyggjast bjóða afburðanemendum í níunda bekk að sleppa þeim tíunda og fara beint upp í framhaldsskóla. Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar, telur þá leið áhuga-verða en ekki þá bestu. Umrædd flýtleið í gegnum efri bekk grunnskóla sé eðlilegra skref á

þessum tíma.

„Nemendum finnst mikilvægt að hafa verið í tíunda bekk, enda er það síðasti bekkur grunnskólans og ákveðinn áfangi. Við tókum undir það og teljum ekki farsælast að kippa nemendum úr níunda bekk og beint í framhaldsskóla.“

Einar tekur undir orð Júlíusar um leiðina sem Versló og MR bjóða upp á. „Ég er í hópi þeirra sem finnst hafa verið gengið fram hjá grunnskólunum og menntasviði í þessu máli. Allt í einu er ákveðið að bjóða upp á þetta og ég veit ekki til þess að það hafi verið í samráði við einn né neinn.“

Vorið 2008 verður metið hvornig til hefur tekist með verkefnið og skólaárið 2008–2009 undirbúið þegar reynsla er komin á það.

Óveður í Skandinavíu Ferjur í vari

DANMÖRK, AP Þúsundir ferjufarþega í Danmörku, Svíþjóð og Norgei voru veðurtepptar í gær, þar sem mikil veðurhæð á Skagerak olli því að skip héldu sig í vari.

Óveður gekk yfir suðurhluta Skandinavíu og Danmörku, meðal annars með þeim afleiðingum að fjallvegir í sunnanverðum Norgei voru lokaðir. Tré féllu á vegi í Suður-Svíþjóð og þar voru þúsundir heimila án rafmagns.

Því var spáð að veðrið gengi fyrst niður undir morgun í dag, mánudag.



TALINN FÆRARI Sænskir kjósendur eru sátir við forsætisráðherrann.

NORDICPHOTOS/AFP

Sænsk stjórnarmál: Reinfeldt betur treyst en Sahlin

SVÍÞJÓÐ Meirihluti Svía telur Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra og leiðtoga Hægri flokksins, vera mun færari stjórnanda en Monu Sahlin, nýkjörinn formann sænska Jafnaðarmannaflokksins.

Í könnun sem gerð var fyrir dagblaðið Dagens Nyheter sagðist meirihluti hafa meiri trú á Reinfeldt en Sahlin í þremur af fjórum kjarnasviðum stjórnarmálanna. Aðeins á einu sviði – hver sé betur fær um að blása Svíum í brjóst bjartsýni á framtíðina – er jafntefli hjá leiðtogunum tveimur.

Skýr meirihluti vill hins vegar frekar hafa Reinfeldt í forsvari fyrir land sitt út á við, vill frekar að hann stýri daglegu starfi ríkisstjórnarinnar og trúir honum betur til að tryggja stjórnarstefnunni meirihluta á þingi.

BÍLL DAGSINS

PEUGEOT 1007 1.6

Nýskr. 01.06 - Sjálfskiptur - Ekkinn 8 þús. km. - Allt að 100% lán.



Verð
1.530.000.-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Torfi Lúthersson, MS-sjúklingur, er snjótepptur á heimili sínu í Reykjavík:

Innilokaður vegna snjóskafla

SAMGÖNGUR Torfi Lúthersson, sem er bundinn hjólastól af völdum sjúkdómsins MS, hefur ekki komist út fyrir hússins dyr í nokkra daga vegna snjóskafla. Hann segir borgina síundurtekið hafa vanrækt störf sín.

„Ég komst varla neitt þegar snjóaði í vetur,“ segir Torfi. „Þá varð ég að láta mér lynda að hanga inni svo dögum skipti, þar sem enginn ruddi snjóinn hérna fyrir utan. Ég hafði samband við borgaryfirvöld til að fá laus mála, en var sagt að Öryrkjabandalagið hefði með þetta að gera. Öryrkjabandalagið vísaði aftur á borgina. Hvor benti á hinn og þar við sat.“

Torfi, sem býr á sambýli fyrir fatlaða, segir að undir eðlilegum kringumstæðum hefði húsvörður getað rutt snjóinn eða veitt ráð þegar borgin brást. Hins vegar hafi starf húsvardar verið lagt niður og eftir sitji íbúarnir í þessum ómannúðlegu kringumstæðum. Enginn þori að kvarta.

Þorsteinn Birgisson, yfirmaður þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar á Stórhöfða, sem sinnir gatnamálum í borginni, varð undrandi þegar hann heyrði af aðstæðum íbúa sambýlisins.

„Starfsmenn eiga að yfirfara göngustíga á virkum



ILLFÆRT Torfi Lúthersson hefur átt erfitt með að komast leiðar sinnar vegna mikilla snjóa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

dögum og um helgar. Þetta kemur mér á óvart þar sem vel er staðið að gatnamálum. Málið verður kann að til hlítar. Ef satt reynist eiga íbúarnir skilið að fá afsökunarbeiðni vegna þessara yfirsjóna.“

GEFÐU BAKPOKAELDFLAUG Í FERMINGARGJÖF

Í FRAMTÍÐINI VERÐUR HÆGT AÐ GERA MIKLU MEIRA VIÐ PENINGINN.

Framtíðarreikningur er fermingargjöf sem verður verðmætari með hverju ári. Reikningurinn ber alltaf bestu vexti sparireikninga bankans og þar að auki bætum við 2.000 kr. við hverja gjöf upp á 5.000 kr. eða meira.* Framtíðarreikningurinn fæst í næsta útibúi Glitnis og á glitnir.is

* Tilboðið gildir fyrir alla sem eru fæddir 1993 og gildir allt að fimm sinnum fyrir hvern einstakling.

GLITNIR

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	66,95 67,27
Sterlingspund	130,43 131,07
Evra	89,22 89,72
Dönsk króna	11,977 12,047
Norsk króna	10,978 11,042
Sænsk króna	9,633 9,689
Japanskt jen	0,5738 0,5772

SDR	101,19 101,79
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR	
121,564	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands	

Félag sumarhúsaeigenda í Klausturhólum fundaði um umsókn Guðmundar í Byrginu:

Lögbýlisumsókn mótmælt harðlega

FÉLAGSMÁL Þristur, félag land- og sumarhúsaeigenda í landi Klausturhóla, mótmælir því að sex sumarhúsaldóm á svæðinu verði breytt í tvö lögbýli. Guðmundur Jónsson, fyrrverandi forstöðumaður Byrgisins, sótti um breytinguna en fyrirtæki hans á lóðirnar sex.

Félagið fundaði á laugardag og var að sögn Agnars Kolbeinssonar, fyrrverandi formanns, góð mæting. „Það eru rétt innan við fjórutíu lónd á svæðinu og það mættu tuttugu og níu. Allir utan einn skrifuðu undir samþykkt um að mótmæla því að svæðinu verði breytt úr fristundasvæði í landbúnaðarsvæði.“ Sá sem skrifaði ekki undir er Jón Arnarr

Einarsson, fyrrverandi aðstoðarforstöðumaður Byrgisins, en hann á lóðirnar ásamt Guðmundi. Agnar segir Jón hafa útskýrt sín sjónarmið á fundinum, sem hafi aðallega snúist um að auðvelda húsnæðislausveitingu.

„Þetta passar bara ekkert á svona svæði,“ segir Agnar. „Við höfum ekkert á móti því að mennirnir hafi búsetu þarna, en ekki á þessum forsendum. Þetta er skipulagt fristundasvæði og við viljum hafa það þannig.“

„Ég vil ekki tjá mig um þetta mál við Fréttablaðið, frekar en nokkuð annað,“ sagði Jón Arnarr þegar rætt var við hann.



BÚSTAÐURINN Í GRÍMSNESINU Samþykkt var að mótmæla lögbýlisumsókninni með tuttugu og átta atkvæðum gegn einu.

Frumvarp um áfengi í búðum:

Hársbreidd frá því að ná í gegn

STJÓRNMÁL Litlu munaði að frumvarp, sem hefði heimilað sölu léttvins og bjórs í matvöruverslunum, næði í gegn á Alþingi í fyrradag. Allsherjarnefnd Alþingis hafði samþykkt málið en það var tekið af dagskrá fyrir lokaafgreiðslu af átta við málþóf.

Samkvæmt frumvarpinu skyldi einokun ÁTVR verða afnumin af sölu áfengis með vinnandastyrk 22 prósent eða minna. Að því er kemur fram í fréttnum Stöðvar 2 lögðust vinstri græn gegn málinu og gaf Ögmundur Jónasson til kynna á fundi þingflokksformanna að það myndi kosta mikla umræðu ef reynt yrði að ná því í gegn.



FRAMTÍÐARSÝN Svona mun þingsalur Alþingis líta út ef ályktunin um fánann fer alla leið. Guðmundur lét splæsa fánanum á myndina með tölvutækni.

Samþykkt í sjöundu tilraun: Fáninn fer upp í þingsalnum

ALÞINGI Ályktun um að íslenski fáninn skuli vera í þingsal Alþingis var meðal þess sem var afgreitt á síðasta degi þings í fyrradag. Guðmundur Hallvarðsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, mælti fyrir tillögunni, en hann hefur barist fyrir henni lengi.

„Ég held að þetta hafi verið í sjöundu sinn sem ég flutti þetta mál. Það er óskiljanlegt að það hafi tekið svona langan tíma að koma þessu í gegn, en það hafðist á elleftu stundu,“ segir hann.

Nú bíður ályktunin samþykkis ríkisstjórnar og forsætisnefndar þingsins. Ef allt fer vel má búast við að fáninn fari upp í þingsalnum í sumar.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Tveir á spítala lítið meiddir

Ökumenn tveggja bíla voru fluttir á slysaðild eftir harðan árekstur á mótum Stekkjarbakka og Höfðabakka um hádegi í gær. Talið er að annar hafi ekið gegn rauðu ljósi. Farþegi annars bílsins slapp ómeiddur.

Sex ökuþórar teknir

Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði sex ökumenn fyrir hraðakstur á Reykjanesbrautinni í gær. Sá sem hraðast ók var á 150 kílómetra hraða á klukkustund.

Útilokar viðræður við nýju stjórnina

Ísraelstjórn útilokar viðræður við nýja þjóðstjórn Palestínnumanna, sem skipuð er fulltrúum bæði Fatah og Hamas, svo lengi sem hún fellst ekki afdráttarlaust á skilmálana fyrir slíkum viðræðum. Áfram verður þó rætt við Abbas Palestínuforseta.

ÍSRAEL, AP Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, útilokaði í gær samningaviðræður við nýja samsteypustjórn Palestínnumanna uns hún hefur með afgerandi hætti svarið af sér beitingu ofbeldis og viðurkennt tilverurétt Ísraelsríkis.

Á ríkisstjórnarfundum sagðist Olmert mundu sniðganga hina nýju samstjórn Fatah- og Hamas-hreyfinga Palestínnumanna og hvatti hann alþjóðasamfélagið til að gera slíkt hið sama.

Evrópusambandið er tilbúið til að vinna með nýju palestínsku samstjórninni, en hún verður fyrst að fallast á skilmála alþjóðlega sáttasemjarakvartettsins svonefnda, sem kveða meðal annars á um viðurkenningu Ísraelsríkis. Þetta sagði talsmaður þýsku stjórnarinnar í gær, en hún gegnir nú formennsku í Evrópusambandinu.

Palestínska þjóðstjórnin tók formlega við á laugardag. Forystumenn bæði Fatah og Hamas vonast til að myndun hennar megi verða til þess að binda enda á átök fylkinganna sem staðið hafa yfir undanfarna mánuði og til að alþjóðasamfélagið falli frá þeim efnahagslegu þvingunaraðgerðum sem Hamas-stjórnin kallaði yfir sig fyrir ári með því að neita staðfestlega að viðurkenna Ísrael og áður gerða samninga.

Ísraelstjórn óttast að tilurð palestínsku þjóðstjórnarinnar gæti rofið samstöðu alþjóðasamfélagsins. Auk Ísraelstjórnar hafa bandarísk stjórnvöld einnig útilok-



ÞRYST Á NÝJU ÞJÓÐSTJÓRNINA Ungir fylgismenn Fatah-hreyfingarinnar ganga hjá Hamas-áróðursmynd í Hebron á Vesturbakkanum. Ísraelstjórn þrýstir á nýja samstjórn palestínsku fylkinganna tveggja að viðurkenna Ísrael og gerða samninga.

ad að taka aftur upp fjárstuðning til palestínsku heimastjórnarinnar. En Norðmenn sögðust myndu taka greiðslur upp á ný og Bretar og Sameinuðu þjóðirnar gáfu einnig sveigjanleika til kynna.

Olmert sagði að þótt stjórnarsáttmáli palestínsku samsteypustjórnarinnar væri hófstilltari en fyrirrennarans, sem Hamas-liðar stóðu að einir, uppfyllti hann ekki hinar alþjóðlegu kröfur um að sverja af sér beitingu ofbeldis, viðurkenna Ísrael og áður gerða friðarsamninga. Olmert vakti líka athygli á því að í nýja sáttmálanum væri kveðið á um „réttinn til andspyrnu“.

„Við getum ekki átt í tengslum við stjórnina eða ráðherra hennar þegar tillit er tekið til þess að þetta er stjórn sem fellst ekki á skilmála alþjóðasamfélagsins og álitur hryðjuverk lögmætt markmið,“ sagði Olmert á ríkisstjórnarfundinum í Jerúsalem.

Olmert sagðist hins vegar áfram mundu eiga samskipti við Mahmoud Abbas, forseta Palestínnumanna og leiðtoga Fatah. En Olmert sagði viðræður við hann munu takmarkast við „lífskjaramál“, það er hvernig bæta megi aðstæður Palestínnumanna sem lifa við kröppustu kjörin.

audunn@frettabladid.is

Opið til 24

Austurveg
Opið alla daga til kl. 24
Mán-fös kl. 8-24
Helgar og alm. frídaga 10-24

Lyf & heilsa

VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	7°C hálfskýjað	London	8°C skúrir
Billund	5°C skúrir	Paris	4°C skúrir
Osló	5°C hálfskýjað	Frankfurt	7°C skúrir
Stokkhólmur	3°C slydda	Friedrichshafen	4°C skúrir
Gautaborg	4°C skúrir	Berlín	7°C skúrir

» á morgun

Vaxandi suðaustan átt, 8-13 m/s vestan til síðdegis.

» miðvikudagur

Stíf suðvestan átt vestan til á landinu annars hægarí.

Alicante	21°C heiðskirt
Eindhoven	6°C skúrir
Algarve	18°C hálfskýjað
Basel	4°C rigning
Las Palmas	21°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

SÖNN ÁNÆGJA HVENÆR SEM ER, Í HVAÐA VEÐRI SEM ER.



Grand Vitara er glæsilegur og vandaður jeppi framleiddur í Japan af Suzuki, einum stærsta bílaframleiðanda heims, framleiðanda sem hefur áratuga reynslu í hönnun og framleiðslu á notendavænum og sparneytnum fjórhjóladrifsbílum og jeppum. Grand Vitara er fullbúinn jeppi af réttri stærð fyrir nútíma fólk sem gerir miklar kröfur um aksturseiginleika, öryggi og hagkvæman rekstur. Undir glæsilegri yfirbyggingunni leynist sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif, með háu og láu sídrifi. Öryggisbúnaðurinn er eins og best gerist. ABS/EDB hemlakerfi, ESP stöðugleikakerfi og spólvörn, 4 öryggisloftpúðar og hliðargardinur auk ISO FIX barnastólafestinga eru staðalbúnaður. Síðast en ekki síst gera einstakir aksturseiginleikar Grand Vitara aksturinn ánægjulegan hvort sem ekið er í borgarumferðinni eða upp á fjöllum.



GRAND VITARA

Verð frá 2.790 þús.

Kíktu á suzukibilar.is


SUZUKI
...er lífsstíll!

Suzuki bílar hf. Skeifunni 17. Sími 568 51 00.

KJÖRKASSINN



Eiga framhaldsskólanemar að fá ókeypis skólabækur?

Já	57%
Nei	43%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Var rétt að afnema fyrningarfrest í alvarlegustu kynferðisbrotum gegn börnum?

Segðu skoðun þína á visir.is.



Stjórnvöld í Simbabve áfellastræna ríki fyrir stuðning við stjórnarandstöðuna:

Stjórnarandstæðingar barðir

SIMBABVE, AP Talsmaður helsta leiðtoga stjórnarandstöðunnar í Simbabve var barinn illa af lögreglumönnum er hann ætlaði að fara úr landi í gær, sunnudag, að því er annar talsmaður flokksins greindi frá.

Nelson Chamisa, aðstoðarmaður Morgans Tsvangirai, leiðtoga Hreyfingar fyrir lýðræðisleg umskipti, varð fyrir líkamsárásinni á flugvælinum í Harare, þaðan sem hann ætlaði að fljúga um London til Brussel í Belgíu til að mæta þar á fund. „Hann var barinn í höfuðið með jarnstöngum. Andlit hans var útatað í blóði. Hann er þungt haldinn á

einkareknu sjúkrahúsi í Harare,“ sagði Tendai Biti, framkvæmdastjóri flokksins frá Jóhannesborg.

Áður en Chamisa var misþyrmt með þessum hætti höfðu þrír aðrir stjórnarandstæðingar verið handteknir aftur á flugvælinum, en þeir eru ásamt Tsvangirai sagðir hafa orðið fyrir barsmíðum af hálfu lögreglu þegar hún leysti upp mótmælafund þann 11. mars.

Robert Mugabe forseti ítrekaði hins vegar þá skoðun sína, að stjórnarandstæðingar væru hryðjuverkamenn sem nyttu stuðnings Bretlands og annarra Vesturlanda.



Í LÖGREGLUFYLGD Stjórnarandstöðuleiðtogi Morgan Tsvangirai og aðrir sem fangelsaðir voru eftir mótmælafund komu margir lemstraðir í réttarsal.

NORDICPHOTOS/AFP

Íraksstríði mótmælt vestra: Vilja skrúfa fyrir fjárveitingar


BANDARÍKIN, AP Hundruð andstæðinga Íraksstríðsins fylktu liði í mótmælagöngu á Manhattan í New York í gær og kröfðust þess að skrúfa yroi fyrir fjárveitingar til stríðsrekstrarins og að bandarísku hermennirnir í Írak yrðu tafarlaust kallaðir heim.

Gangan var ein af mörgum mótmælafundum sem efnt var til í borgum Bandaríkjanna um helgina í tilefni af því að fjögur ár eru liðin frá því innrásin hófst.

Leikarinn Tim Robbins, sem var meðal ræðumanna kröfugöngunnar, sagði það að skrúfa fyrir fjárveitingar „góða leið til að koma hermönnum heim“.

Vilja stjórnmalaflokkarnir hefja sölu á léttvíni og öli í almennum verslunum hér á landi?

Svarið fæst á aðalfundi Samtaka verslunar og þjónustu á Grand Hótel Reykjavík kl. 13:00 fimmtudaginn 22. mars.



Geir H. Haarde, Guðjón Arnar Kristjánsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jón Sigurðsson, Steingrímur J. Sigfússon



Samtök verslunar og þjónustu

Fækkar í fiskiðnaði, fjölgar í stjórnsýslu

Störfum í opinberri stjórnsýslu hefur fjölgað um fjögur þúsund á tíu árum. Fjöldi margvíslegra þjónustustarfa hefur margfaldast. Á sama tíma hefur störfum í fiskiðnaði fækkað um fimm þúsund og í veiðum um næstum þrjú þúsund.

STJÓRN MÁL Störfum á sviði margvíslegrar þjónustu hefur fjölgað um 30 prósent á síðustu tíu árum.

Störf í greinum sem Hagstofan skilgreinir sem þjónustustarfsemi voru 93.200 árið 1995 en á síðasta ári 122.500.

Á sama tíma hefur störfum við fiskveiðar fækkað um 2.700 (40 prósent) og störfum í fiskiðnaði um 4.900 (55 prósent).



BIRGIR ÁRMANNSSON

„Ástæða þess að ég spurði voru þessar stöðugu fullyrðingar um að ekkert hefði gerst í atvinnumálum í valdatíð Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks annað en að það hefði verið vöxtur í gamaldags, þunglamalegum iðnaði á borð við stóriðju. Það kemur allavega ekki fram í þessum tölum,“ segir Birgir. Þvert á móti sýni þær að Íslendingar séu á sömu siglingu og önnur þróuð vestræn hagkerfi. „Við erum að breytast í þjónustusamfélag.“

Á síðasta áratug hefur störfum í opinberri stjórnsýslu fjölgað um 3.900. Þau voru 6.200 árið 1995 en á síðasta ári 10.100. Birgi hugnast sú þróun illa, segir hana valda sér áhyggjum. „Þetta þýðir að yfirbyggingin í opinbera kerfinu er að stækka. Auðvitað kemur þetta að hluta til vegna þess að viðfangsefni eru að verða flóknari og krefjast meiri sérhæfingar. En þó ég

Þessar upplýsingar koma fram í svari ráðherra Hagstofu (forsetisráðherra) við fyrirspurn Birgis Ármannssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokks.



FLAKAÐ OG SNYRT Störfum í fiskiðnaði hefur fækkað um tæplega fimm þúsund á tíu árum. Á sama tíma hefur störfum í margvíslegrri þjónustu fjölgað um 30 þúsund.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

viðurkenni að kröfurnar til stjórnsýslunnar aukist stöðugt þá veldur þessi fjölgun áhyggjum.“

Mestur er vöxturinn í því sem Hagstofan nefnir fasteignaviðskipti og ýmis þjónusta. Er þar átt við lögfræðiþjónustu, endurskoðun og ýmsa sérhæfða þjónustu. Til þessa flokks heyrðu 8.600 störf árið 1995 en tíu árum síðar eru þau orðin 15.100. Er það fjölgun um 75 prósent. Um 30 prósent

fjölgun starfa er í hótél- og veitingahúsarekstri og samgöngum og flutningum. Þá hefur störfum í mannvirkjagerð fjölgað um 50 prósent.

Um fækkun starfa í fiskiðnaði segir Birgir að tæknipróun hafi leitt til þess að færri hendur þurfi til að vinna sömu verk, auk þess sem fryst sé um borð í skipum og meira unnið erlendis.

bjorn@frettabladid.is

ÞRÓUN FJÖLDA STARFA

	1995	2000	2006
Landbúnaður	6.500	6.900	6.400
Fiskveiðar	7.000	6.100	4.300
Fiskiðnaður	9.000	6.700	4.100
Annar iðnaður	15.000	17.500	16.100
Veitur	1.400	1.300	1.500
Mannvirkjagerð	9.700	10.500	14.700
Verslun og viðgerðarþjónusta	19.100	21.900	23.600
Hótél- og veitingahúsarekstur	4.600	6.400	6.100
Fjármálaþjónusta og tryggingar	4.800	6.600	7.300
Fasteignaviðskipti og ýmis þjónusta	8.600	13.000	15.100
Opinber stjórnsýsla	6.200	7.000	10.100
Fræðslustarfsemi	9.200	9.800	12.500
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	21.000	20.600	24.600

Heimild: Hagstofan

Framtíðarlandið hefur kynnt sáttmála um náttúruvernd og nýtingu auðlinda:

Þjóðinni boðinn framtíðarsáttmáli

STJÓRN MÁL Framtíðarlandið kynnti í gær sáttmála um framtíð Íslands, sem þjóðinni allri og ráðamönnum hennar er boðið að staðfesta. Í sáttmálanum er kveðið á um að byggt verði upp fjölbreytt og lifandi samfélag á Íslandi þar sem hugvit og sköpunargleði fær að njóta sín og að áætlanir um náttúruvernd verði lögfestar áður en frekar er aðhafst í orkuvinnslu. Auk þess að Íslendingar axli ábyrgð á tímum viðsjárverðra loftslagsbreytinga í heiminum með því að fylgja alþjóðlegum skuldbindingum um losun gróðurhúsalofttegunda.

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands er verndari sáttmálans. Andri Snær Magnason og María Ellingsen kynntu sáttmálann á blaðamannafundi í gær og sögðu hann lagðan fram vegna þess að deilur um virkjana- og stóriðjumál hafi klofið þjóðina og muni aðeins magnast ef ekkert verður að gert.

Meðal þeirra sem þegar hafa stutt sáttmálann eru Sigurbjörn Einarsson biskup, Ólafur Jóhann Ólafsson, rithöfundur og aðstoðarforstjóri Time Warner, Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi forsætisráðherra, Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleið-



FRAMTÍÐARLANDIÐ Andri Snær Magnason rithöfundur, María Ellingsen leikkona og frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands kynntu sáttmálann á blaðamannafundi í gær.

andi, handknattleiksmaðurinn Ólafur Stefánsson og Hörður Arnarson, forstjóri Marelis.

Hægt er að nálgast sáttmálann og skrifa undir hann á vef Framtíðarlandsins, framtidarlandid.is. - sh

smjor.is

Íslenskt smjör er hræin náttúruafurð og gefur betra bragð!

Afram með SMJÖR.is!

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






GRÁTTI EÐA GRAENT



SÁTTMÁLI UM FRAMTÍÐ ÍSLANDS



Víð höfum hjark til að byggja upp fjölbreytt og lifandi samfélag á Íslandi þar sem hugvit og sköpunargleði einstaklinga fær að njóta sín þeim sjálfum og öðrum til heilla.

Víð sýnum komandi kynslóðum *virðingu* með því að láta lögfesta áætlanir um náttúruvernd áður en nokkuð frekar er aðhafst í orkuvinnslu.

Víð öxlum ábyrgð á tímum viðsjárverðra loftslagsbreytinga í heiminum með því að fylgja alþjóðlegum skuldbindingum um losun gróðurhúsalofttegunda.

AF HVERJU ÞURFUM VIÐ SÁTTMÁLA?

Sáttmálinn er leiðarljós þegar þýðingarmiklar ákvarðanir eru teknar um framtíð okkar. Ákvarðanir sem við getum verið stolt af og samræmast sjálfsmynd þjóðarinnar og ímynd landsins. Á næstu árum eru uppi áætlanir um að stækka álverin í Straumsvík og Hvalfirði og byggja ný álver í Helguvík, á Húsavík og hefja álframleiðslu á Reyðarfirði. Gangi þessar áætlanir eftir eykst framleiðsla áls úr um 270,000 tonnum á ári (2003) í að minnsta kosti 1,5 milljónir tonna á ári. Þetta er svo stórt stökk að bylting er eina réttnefnið. Faxafloí yrði stærsta álvinnslusvæði í heimi og Íslendingar meðal allra stærstu álframleiðenda heims. Orkan sem þarf til að knýja slíka viðbótarframleiðslu samsvarar þremur Kárahnjúkavirkjunum.



Þín undirskrift



SKRIFAÐU UNDIR SÁTTMÁLANN UM
FRAMTÍÐ ÍSLANDS Á WWW.FRAMTIDARLANDID.IS

eða sendu kennitöluna þína á eftir orðinu „framtid“ með sms-i í 1900 (sms-ið kostar 19 krónur)



Fyrirverandi framkvæmdastjóri segir stöðu 10-11 erfiða eftir að Baugur keypti keðjuna:

Man ekki eftir styrk frá Baugi

BAUGSMÁL Þórður Þórisson, fyrirverandi framkvæmdastjóri 10-11, mundi ekki eftir því hvort verslunarkenndan hefði fengið 40 milljóna króna styrk frá Baugi vegna auglýsinga- og stjórnunarkostnaðar vegna ársins 2000, þegar hann bar vitni í Baugsmálinu í Héraðsdómi Reykjavíkur á föstudag.



ÞÓRÐUR ÞÓRISSON

Spurður af Sigurði Tómasi Magnússyni, settum ríkissaksókn-

ara, sagðist Þórður ekki muna eftir því hvort 10-11 hefði fengið slíkan styrk. Þeir Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson eru í einum ákærulið sakaðir um meiriháttar bókhaldsbrot með því að búa til gögn sem ekki áttu sér stöð í viðskiptum með því að færa Baugi 40 milljónir króna til tekna á viðskiptamannareikningi Fjárfestingafélagsins Gaums, fjölskyldufyrirtækis Jóns Ásgeirs.

Ákærðu hafa skýrt þessa færslu þannig að staða 10-11 hafi verið verr en við var búist þegar Baugur eignaðist verslunarkenndun og

því hafi verið ákveðið að Gaumur styrkti 10-11 um þessar 40 milljónir til að taka þátt í auglýsinga- og stjórnunarkostnaði.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, spurði Þórð hvort lögreglan hefði óskað eftir því að hann gæfi skýrslu vegna úr sögði ekki hafa verið gert. Hann staðfesti þó að rekstur 10-11 hafi gengið verr en reiknað var með eftir að Baugur keypti verslunarkenndun og lagt hafi verið í gríðarlegan kostnað vegna auglýsinga.

- bj

Kláraðu þessa í dag

Ekki láta einfalda hugmynd eins og að eyða í sparnað flækjast óþarflega fyrir þér. Landsbankinn býður upp á einfaldar sparnaðarleiðir sem henta hverjum og einum.

Þú þarft einungis að fara á landsbanki.is eða hafa samband í síma 410 4000, velja upphæð og eina af eftirtöldum sparnaðarleiðum og byrja að spara reglulega.

1. Sparað með korti

Þú þarft einfaldlega að:

- Ákveða hvort þú vilt spara með debet- og/eða kreditkort.
- Ákveða hvort þú vilt hækka upphæðina sem keypt er fyrir í næstu 100, 500 eða 1.000 kr., eða hækka hverja færslu um fasta upphæð, 100, 250, 500 eða 1.000 kr.
- Velja sparnaðarreikning sem sparnaðurinn er lagður inn á.

2. Sparað í sjóðum

Þú þarft einfaldlega að:

- Velja fjárhæð, allt frá 5.000 kr. á mánuði.
- Velja greiðslumáta – hagkvæmt er að greiða með kreditkort, þá bætast ferðapunktur við.
- Velja sjóð eftir ráðlögðum fjárfestingatíma miðað við áhættustig:
 - Safnbréf varfærin, a.m.k. 1 ár
 - Safnbréf blönduð, a.m.k. 3 ár
 - Safnbréf framsækin, a.m.k. 5 ár

3. Sparað á bók

Þú þarft einfaldlega að:

- Velja fasta fjárhæð, allt frá 500 kr. á mánuði.
- Velja innlánsreikning – hægt er að velja á milli bundinna eða óbundinna og verðtryggðra eða óverðtryggðra innlánsreikninga.

Það eina sem kemur í veg fyrir að þú eyðir í sparnað ert þú. Ekki bíða lengur.



Landsbankinn

Brutust inn og stálu stílabókum nemenda

Tveir ungir menn greiddu fyrir gistingu á Hótel Holti með stolnu kreditkortanúmeri Akureyrarbæjar, brutust inn í skóla og stálu stílabókum nemenda og stálu gosflöskum úr bakaríi í Kópavogi. Mál þeirra var þingfest í síðustu viku.

DÓMSMÁL Mál á hendur tveimur ungum mönnum vegna fjölmargra afbrota var þingfest í Héraðsdómi Norðurlands eystra í liðinni viku. Ákærurnar á hendur mönnum, sem eru um tvítugt, eru meðal annars vegna fjárvika, fíkniefnabrota, umferðarlagabrota og innbrota.

Yngri maðurinn var handtekinn í lok ágúst á síðasta ári eftir að hafa reynt að stinga lögreglu af eftir að hún hafði gefið honum merki um að stöðva. Keyrði hann meðal annars á miklum hraða eftir göngustíg í íbúðarhverfi, á röngum vegarhelmingi, virti hvorki stöðvunarskyldu né gaf stefnuljós. Þá beygði hann ítrekað öfugu megin við umferðareyjar, tók fram úr bílum með afar ógætilegum hætti áður en fór hans endaði með því að hann ók á aðra bifreið á gatnamótum Hlíðarveggar og Lindarsmára.

Við handtöku kom í ljós að maðurinn var greinilega í ójafnvægi og í ákærinni segir orðrétt að hann hafi verið „undir það miklum áhrifum deyfandi lyfja að hann gat ekki stjórnað bifreiðinni örugglega.“

Í október var hann svo handtekinn í slagtoppi við hinn manninn eftir að hafa brotist inn í bakarí Reynis bakara í Kópavogi og stolið þaðan 14.500 krónum í peningum og sautján hálfslitra flöskum af Coca Cola. Rúmlega mán-

AFBROTAFERILLINN HAUSTIÐ 2006

Brotin voru framin á Akureyri og höfuðborgarsvæðinu.

30. ágúst Yngri maðurinn handtekinn vegna grunsemda um að hafa ekið bifreið um götur Kópavogs án ökuréttinda og undir áhrifum deyfandi lyfja. Þegar lögregla reyndi að stöðva hann sinni hann ekki boðum heldur ók áfram á miklum hraða. Ökufreiðin endaði með árekstri við aðra bifreið.

2. október Mennirnir eru báðir handteknir eftir að hafa brotist inn í Reynisbakari í Kópavogi og stolið þaðan lítill ræði af peningum og sautján flöskum af Coca Cola í hálfslitraumbúðum.

15. nóvember Mennirnir brjótast inn í Glerárskóla á Akureyri og stela þaðan fimm fartölvum, tveimur skjávörpum, stafænum myndavélum, hörðum diskum, kassetum, diskettum, ofnæm-

islyfjum, stílabókum með verkefnum nemenda og kennara auk reiðufjár.

18. nóvember Mennirnir tveir bóka gistingu á Hótel Holti í tvær nætur og njóta þar veitinga. Gefa upp greiðslukortanúmer í eigu Akureyrarbæjar til greiðslu.

20. nóvember Mennirnir yfirgefa Hótel Holt og gera tilraun til að bóka herbergi í fjórar nætur á Fosshótel Lind við Rauðarárstíg. Gefa upp sama kreditkortanúmer en eru handteknir í kjölfarið þar sem Akureyrarbær var búinn að láta loka kortinu.

3. desember Yngri maðurinn handtekinn fyrir að aka án ökuréttinda og undir áhrifum fíkniefna um götur Akureyrar. Í kjölfarið finnst lítill ræði af fíkniefnum í bílnum og á heimili hans. Einnig finnst tveir hnifar í vörslu hans.

uði síðar brutust þeir félagar svo aftur inn, í þetta sinn í Glerárskóla á Akureyri. Þar stálu þeir töluverðu magni af dýrum raf-tækjum, meðal annars fimm fartölvum, auk þess sem þeir tóku með sér ofnæmislyf og stílabækur með verkefnum nemenda við skólann.

Þremur dögum síðar voru mennirnir komnir til höfuðborgarinnar og bókuðu gistingu á Hótel Holti með því að gefa upp greiðslukortanúmer í eigu Akureyrarbæjar. Þar dvöldu þeir í tvær nætur og nutu alls kyns veitinga. Hinn 20. nóvember ætluðu þeir að færa sig um set og gerðu tilraun til að bóka

fjórar nætur á Fosshótel Lind við Rauðarárstíg og gáfu upp sama greiðslukortanúmer. Þá var hins vegar búið að láta loka kortinu og mennirnir handteknir í kjölfarið.

Í byrjun desember var yngri maðurinn svo aftur handtekinn undir áhrifum eiturlyfja og án ökuréttinda þar sem hann keyrði um götur Akureyrar. Í bifreiðinni sem hann ók og á dvalarstað hans fundust neysluskammtar af amfetamíni, kókaíni, e-töflum, LSD og kannabisefnum. Þá var hann með í vörslu sinni veiðihníf með 11,5 sentimetra löngu blaði og fjaðurhni. thordur@frettabladid.is

LANDSLAGS- arkitekt

**Skráning og nánari
upplýsingar hjá skiptiborði
BYKO í síma 515 4000
milli kl. 9-17 virka daga.**

Þantaðu núna!
515 4000



BYKO
GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

Greiddu niður óhagstæðar skuldir

Óvenju hagstætt lán!

- Lægri greiðslubyrð
- Lægra lántökugjald
- Óverðtryggt lán

TILBOÐS
VEXTIR!

16,55%


Tilboðslánið hentar vel til að greiða niður óhagstæðar skuldir, eða að láta draumana rætast, hvort sem það er eldhúsinnrétting, uppþvottavél, framkvæmdir heima fyrir eða eitthvað annað...
...þitt er valið!

Dæmi um meðalgreiðslu á mánuði

Fjöldi ára	200.000 kr.	400.000 kr.	600.000 kr.	800.000 kr.	1.000.000 kr.
1	19.536	38.162	56.788	75.415	94.041
2	10.764	20.785	30.805	40.825	50.846
3	7.840	14.992	22.144	29.295	36.447
4	6.378	12.096	17.813	23.531	29.248
5	5.501	10.358	15.215	20.072	24.929
6	4.916	9.199	13.482	17.766	22.049
7	4.498	8.372	12.245	16.119	19.992
8	4.185	7.751	11.317	14.883	18.449

Forsendur: 1% lántökugjald - 1,5% stimpilgjald - 16,55% vextir - Kostnaður lánaður

Pú getur sparað **382.100 kr.** með því að taka tilboðslán S24:



M.v. 2 milljón króna lán í 8 ár og 16,55% vexti hjá S24 og 21,15% vexti hjá ónefndum fjármálafyrirtækjum (sem er 4,6% munur) þá borgarðu 3.980 kr. minna á mánuði með því að vera með lánið hjá S24, **pú sparar 47.763 kr. á ári og 382.100 kr. í heildina.**



Sæktu um lán...

www.s24.is



533 2424 - Sætún 1

*Miðað við vaxtatöflu S24 21.01.2007, sjálfvirka skuldfærslu af reikningi hjá S24.
*M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.
Tilboð þetta gildir til 15.03.2007.



KÓPADRÁPI MÓTMÆLT Dýraverndar-sinnar komu saman fyrir utan sendiráð Kanada í Berlín á fimmtudag til þess að mótmæla kópadrápi frumbyggjanna í Kanada. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Víglundur Þorsteinsson fjallaði um auðlindir á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins:

Orkan er olía Íslendinga

IÐNÞING „Við Íslendingar munum grundvalla hagvöxt okkar á þessari öld á miklum vexti í íslenskum orkuiðnaði,“ sagði Víglundur Þorsteinsson, forstjóri BM Vallár, í ræðu sinni á Iðnþingi á föstudag. Víglundur fjallaði um auðlindir, nýtingu þeirra og verndun og þátt auðlindanýtingar í byggðapróun.

„Það er góður kostur til að styrkja og jafna búsetu á landinu að reisa álver á stöðum eins og Reyðarfirði og Húsavík,“ sagði Víglundur en bætti við að þegar búið væri að stækka í Straumsvík og reisa álver á Húsavík væri skynsamlegt að beina þróuninni á nýjar brautir. Nauðsynlegt væri

að auka rannsóknir á nýtingu jarðvarma og þar væri mikilvægt að finna leiðir til gjörnýtingar svo að nýtingin samræmðist RÍÓ-yfirlýsingunni um sjálfbæra þróun.

„Endurnýjanleg orka verður okkur Íslendingum það sem olían var Sádum og öðrum arababjóðum á síðustu öld,“ sagði Víglundur. „Allir sjá þversögn þess að nota olíu til að umbreyta lífmassa til að blanda í olíu eins og nú er víða verið að gera.“ Að mati Víglundar verður hagkvæmara til lengdar að nýta rafmagn beint á ökutækj heldur en að nýta það til framleiðslu lífmassa eða vetnis.

Þá sagði Víglundur að umræðan



IÐNÞING Víglundur líkti endurnýtanlegri orku Íslendinga við olíuauðlindir arababjóða. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

um nýtingu auðlinda væri á villigötum og líkti mótmælunum gegn Kárahnjúkavirkjun við rómantik 19. aldar manna.

Eftirför lauk með árekstri:

Ók ölvaður á lögreglubifreið

LÖGREGLUMÁL Lögregla veitti ölvuðum hálfþritugum öikumanni eftirför í Grafarvogi í fyrrinótt. Lögregla gerði manninum að stöðva bíl sinn á Vesturlandsvegi en hann sinnti ekki stöðvunarkerjum og ók inn í Grafarvog.

Eftirförinni lauk þegar maðurinn ók á annan lögreglubíl sem kominn var á vettvang til aðstoðar. Ekki var um ofsakstur að ræða að sögn varðstjóra lögreglu og enginn meiddist við áreksturinn.

Maðurinn gisti fangageymslur lögreglu um nóttina og var sleppt síðdegis í gær.

- sh

Aukaúthlutun loðnukvóta:

Loðnuveiðar hafnar á ný

VEIÐAR Loðnuveiðar hófust á ný á dögunum. Sjávarútvegsráðuneytið hefur ákveðið að auka loðnukvótann á vetrarvertíðinni um fimmtán þúsund lestrir eða í 385 þúsund lestrir.

Á fréttavefnum eyjar.net kemur fram að Guðmundur VE og Antares VE hafi haldið út á veiðar eftir að kvótinn var aukinn. Viðbótin er til kominn vegna vestangöngu sem Hafrannsóknastofnun mældi í byrjun þessa mánaðar.

LÖGREGLUFRETTIR

Lítið slasaður eftir árekstur

Betur fór en á horfðist þegar tveir bílar skullu saman á Vesturlandsvegi við Laxá um hádegisdag í gær. Einn var fluttur á slysadeild lítið slasaður. Rekja má slysið til hálfu. Fimm manns voru í bílunum og sluppu hinir ómeiddir.

Morðtilraunir hafa ekki þaggað niður í Marisela Ortiz Rivera sem berst gegn þöggun á kvennamorðum:

Segir yfirvöld þegja yfir kvennamorðum

MANNRÉTTINDAMÁL Um það bil fjögur hundruð konur hafa myrtar og fjölmargar horfið síðustu þrettán ár í borginni Ciudad Juárez í Mexíkó. Fórnarlömbin hafa venjulega verið á aldrinum 13 til 22 ára og af fátæku fólki. Margar þeirra hafa borið merki kynferðislegrar misnotkunar áður en þær voru myrtar. Tala þeirra barna sem misst hafa móður sína er ekki kunn.



MARISELA ORTIZ RIVERA

„Þau hafa gleymst rétt eins og yfirvöld vilja helst gleyma mæðrum þeirra,“ segir baráttukonan Marisela Ortiz Rivera sem kom hingað til lands til að kynna baráttumál sín. Marisela segir morðin óheillavænleg fyrir ímynd staðarins og líkleg til að fæla burtu ferðamenn. Yfirvöldum þyki því betra að yfir þeim sé þaggað. Græðgin sé réttvísinni yfirsterkari.

„Það var ekki fyrr en ég missti sjálf mannaskju sem var mér nákominn að ég fór að berjast fyrir alvöru,“ segir hún. Limlest lík, Liliu

Alejöndru Garcia Andrade, sautján ára, fannst á víðavangi árið 2001. Lögreglunni þótti ekki ástæða til að kanna málið frekar. Það var þá sem Marisela og móðir stúlkunnar stofnuðu samtökin Nuestras Hijas de Regreso a Casa sem berjast gegn refsileysi þegar kemur að kvennamorðum.

„Alejandra var sérstök stúlka. Hún var falleg, greind og langaði að verða fréttakona. Morð hennar átti ekki að þagga niður,“ segir Marisela. Yfirvöld voru henni ósammála. „Rannsóknarlögreglan áreitti mig og ég var spurð hvað mér kæmi þetta við. Dætur mínar hefðu ekki verið myrtar. Niðandi ummæli voru skrifuð á húsið mitt og mér var hótað að dætur mínar hlytu sömu örlög. Lögreglumenn héldu byssu að gagnaugað á mér og sögðu að konur sem gætu ekki þaggað ætti að drepa,“ segir Marisela.

Árið 2003 hvatti Amnesty International fólk til að styðja baráttu hennar og henni var veitt vernd. Morðin sem fólk vildi ekki að væri talað um urðu að alþjóðlegu baráttumáli enda eru þau talin ein skelfilegasta birtingarmynd



TIL MINNINGAR Konur eru enn myrtar í borginni Ciudad Juárez. Þegar hafa fjögur hundruð þeirra fundist látnar og fjölmargar hafa horfið. MYND/AMNESTY INTERNATIONAL

kynbundins ofbeldis sem viðgengst í nútímanum. Marisela minnir þó á að refsileysi við afbrotum gegn konum sé ekki einungis bundið við Mexíkó. Víða í heiminum sé þeim málum ýtt til hliðar. Því þurfi að breyta.

- kdk

PAJERO – hörkugóð kaup

Nokkur dæmi um glæsilega MMC PAJERO hjá Bílapingi HEKLU



Laugavegi

MMC Pajero GLS 3,5 bensín

Sjálfsk. Árg. 06. Ek. 15.000 km.

32" dekk og Antera felgur, varadekkshlíf, dráttarbeisli.

Verð 4.790.000 kr.



Laugavegi

MMC Pajero Dakar 3,2 dísil

Sjálfsk. Árg. 05. Ek. 39.000 km.

Varadekkshlíf, dráttarbeisli.

Verð 4.550.000 kr.



Laugavegi

MMC Pajero GLS 3,2 dísil

Sjálfsk. Árg. 05 Ek. 54.000 km.

33" Anterabeyting, varadekkshlíf, dráttarbeisli.

Verð 4.690.000 kr.



Laugavegi

MMC Pajero GLS 3,2 dísil

Sjálfsk. Árg. 02. Ek. 104.000 km.

Varadekkshlíf, dráttarbeisli.

Verð 3.080.000 kr.



Laugavegi

MMC Pajero GLS 3,2 dísil

Sjálfsk. Árg. 04. Ek. 60.000 km.

33" kantabreyting, varadekkshlíf, dráttarbeisli.

Verð 4.450.000 kr.



Laugavegi

MMC Pajero GLS 3,5 bensín

Sjálfsk. Árg. 05. Ek. 27.000 km.

35" kantabreyting, varadekkshlíf, dráttarbeisli.

Verð 4.850.000 kr.

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5040 | www.bilathing.is



www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

Opið mánudaga til föstudaga 10–18 • Laugardaga 12–16

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Efla kennslu og rannsóknir:

HR ræður tvo deildarforseta

MENNTAMÁL Háskólinn í Reykjavík hefur ráðið tvo nýja deildarforseta til skólans. Þeir munu stýra tölvunarfræðideild annars vegar og tækni- og verkfræðideild hins vegar.

Dr. Ari Kristinn Jónsson verður deildarforseti tölvunarfræðideildar. Hann hefur undanfarið tólf ár starfað hjá bandarísku geimferðastofnuninni (NASA) í Kaliforníu.

Dr. Gunnar Guðni Tómasson tekur við starfi deildarforseta tækni- og verkfræðideildar. Hann hefur starfað sem verkfræðingur hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen frá árinu 1995. - sps



Á VAKTINI Bandarískir hermenn á eftirlitsferð í Bakúba norðvestur af Bagdad. Alls hafa yfir 3.200 félagar þeirra fallið í Írak frá því innrásin hófst. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átökin í Írak:

Sjö bandarískir hermenn falla

ÍRAK, AP Talsmenn Bandaríkjahers í Írak greindu frá því í gær, að sjö hermenn hefðu fallið í árásum uppreisnarmanna um helgina. Fjórir þeirra fórust er vegkantssprengja sprakk þar sem þeir voru á eftirlitsferð í Vestur-Bagdad.

Þótt lítillega hafi dregið úr átökum í Bagdad í sameiginlegu átaki bandaríska setuliðsins og íraska hersins til að bæta öryggi í höfuðborginni undanfarið mánuð banaði bílsprengja átta Írökum í hverfi sjá í gær, að sögn lögreglu og 28 særðust.

Með mannfalli helgarinnar í röðum bandaríska herliðsins er það í allt komið í 3.217 frá því innrásin hófst fyrir fjórum árum, samkvæmt talningu AP-fréttastofunnar. - aa

LÖGREGLUFRETTIR

Ung kona klippt úr bíl sínum

Kona um tvítugt var flutt á sjúkrahús eftir að hafa ekið á staur á afreið af Hafnarfjarðarvegi sem liggur upp í Hamraborg í fyrrkvöld. Kalla þurfti á tækjabil til að ná konunni úr bílnum en hún reyndist ekki mikið slösuð. Bíllinn skemmdist mikið.

Hass og amfetamín fannst

Tveir menn viðurkenndu að eiga fimm grömm af amfetamíni og lítilræði af tóbaksblönduðu hassi sem lögreglan á Suðurnesjum lagði hald á í heimahúsi í Reykjanesbæ í fyrrinótt. Málið telst upplýst.

ZZZZZZ...

urghh... usss...
urghh... usss... urghh

Jæja Batti minn, ég er tilbúin, drífum okkur nú!



Skilum ónýtu rafhlöðunum!

Eru galtómar rafhlöður á þínu heimili? Þær gera ekkert gagn liggjandi ofan í skúffu. Þú getur t.d. farið með þær út á næstu bensinstöð Olís eða söfnunarstöð eða fengið þær endurvinnslutunnu fyrir flokkað heimilissorp.

Rafhlöður eiga ekki að fara í ruslið heldur á að skila þeim til úrvinnslu. Það er í raun sáræinfalt og nokkrar leiðir í boði: Hægt er að skila inn ónýtum rafhlöðum m.a. á bensinstöðvum Olís, söfnunarstöðvum sveitarfélaga um allt land og einnig er hægt að setja þær í endurvinnslutunnur fyrir flokkað heimilissorp. Á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is, er að finna upplýsingar um staðsetningu söfnunarstöðvanna.



ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Kynntu þér málið á www.urvinnslusjodur.is



Vinstri græn á ferð um landið
Fundur á Akranesi í kvöld



Alma Lía Jóhannsdóttir, Björg Gunnarsdóttir og Árni Þór Sigurðsson.
spjalla við kjósendur á Akranesi í Skrúðgarðinum, Kirkjubraut 8, kl. 20:00

ALLT ANNAÐ LÍF! - með vinstri grænum

ATVIK OLÍUMÁLSINS

18. desember 2001 Samkeppnisstofnun gerir húsleit hjá olíufélagunum.

1. mars 2002 Olíufélagið ákveður að starfa með Samkeppnisstofnun.

17. júlí 2003 Fréttablaðið birtir ágrip úr frumskýrslu Samkeppnisstofnunar.

21. ágúst 2003 Ríkissaksóknari fer fram á að ríkislögreglustjóri afli fullnægjandi gagna frá Samkeppnisstofnun til að unnt sé að athuga hvort hefja þurfi opinbera rannsókn.

Október 2003 Hafin er opinber rannsókn hjá embætti ríkislögreglustjóra á ætluðum brotum olíufélaganna, félögunum, æðstu stjórnendum og millistjórnendum.

26. nóvember 2003 Fjárlaganefnd Alþingis leggur til aukafjárveitingu vegna aukins umfangs starfa efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra.

28. október 2004 Samkeppnisráð sektar olíufélagin um rúma 2,6 milljarða króna fyrir brot á samkeppnislögum.

29. janúar 2005 Áfrýjunarnefnd samkeppnismála gefur út úrskurð sinn og lækkar sektir félaganna um rúman milljarð, í 1,5 milljarða króna. Ker, áður Olíufélagið hf., og Olís fá afslátt fyrir samstarf við samkeppnisyfirvöld. Sekt Skeljungs lækkar mest.

17. nóvember 2005 Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra sendir rík-

issaksóknara niðurstöðu lögreglu-rannsóknar á samráði olíufélaganna. 21. nóvember 2005 Ríkislögreglustjóri sendir út tilkynningu um lok rannsóknar og upplýsir að málið sé komið til ríkissaksóknara.

31. janúar Samkeppniseftirlitið hafnar öllum kröfum olíufélaganna um að úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála verði ógiltur. Kröfum félaganna um að sektir yrðu felldar niður eða stórlækkaðar var einnig hafnað.

13. desember 2006 Kristinn Björnsson, Einar Benediktsson og Geir Magnússon ákærðir fyrir þátt sinn í óumdeildu samráði. Ákæran er í 27 liðum. Sama dag voru olíufélagin dæmd til þess að greiða Reykjavíkurborg 78 milljónir króna í bætur fyrir samráð við gerð tilboða fyrir útboð á vegum borgarinnar í október 1996.

12. febrúar 2007 Héraðsdómur Reykjavíkur vísar máli ákærvaldsins gegn forstjórum olíufélaganna frá dómi.

16. febrúar 2007 Héraðsdómur úrskurðar Ker, áður Olíufélagið, til þess að greiða Sigurði Hreinssyni, trésmið frá Húsavík, fimmtán þúsund krónur í bætur vegna samráðs.

16. mars 2007 Hæstiréttur vísar máli ákærvaldsins gegn Kristni, Einari og Geir, frá dómi. Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari útilokar endurákæru.



KRISTINN BJÖRNSSON Hættur sem forstjóri Skeljungs en er umsvifamikill kaupslýsmaður.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



GEIR MAGNÚSSON Var forstjóri Olíufélagans hf., nú Kers, á þeim tíma sem stórfellt samráð olíufélaganna átti sér stað.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



EINAR BENEDIKTSSON Starfar enn sem forstjóri Olís.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ekki refsað fyrir óumdeild brot

Forstjórum stóru olíufélaganna þriggja verður ekki refsað fyrir óumdeild brot á samkeppnislögum. Gloppur í lögnum, sem í raun fríuðu forstjórana ábyrgð á umfangsmestu samkeppnisbrotum Íslandssögunnar, hafa verið lagfærðar.

„Að menn séu að bera saman bækur sínar í sameiginlegri verðlagningu? Því vísa ég, enn og aftur, alfarið á bug.“

Þessi orð lét Kristinn Björnsson, þáverandi forstjóri Skeljungs, falla í fréttum Ríkissjórnvarpsins 22. ágúst árið 1994. Rannsókn samkeppnisyfirvalda, sem hófst 18. desember 2001 með húsleit í höfuðstöðvum olíufélaganna, leiddi í ljós að þessi orð Kristins voru ósönn með öllu. Yfirmenn stærstu olíufélaganna þriggja, Skeljungs, Olís og Olíufélagans hf. Esso, höfðu samráð um ákvörðun verðs á olíu og ýmsum öðrum vörum félaganna, kerfisbundna markaðs-skiptingu og gerð tilboða vegna viðskipta við stóra viðskiptavini. Fyrir þetta hafa félagin verið sektuð um 1,5 milljarða króna. Félagin báðust opinberlega afsökunar á brotum sínum með heilsíðu-auglýsingum í dagblöðum, í kjölfar fréttu sem sýndu svart á hvítu að samráð hafði verið viðhaft yfir átta ára tímabil, á árunum 1993 til og með meirihluta árs 2001.

Forstjórunum verður ekki refsað

Nú er það endanlega ljóst, með dómi Hæstaréttar frá 16. mars, að forstjórar olíufélaganna á árunum 1993 til og með 2001, Kristinn Björnsson, Einar Benediktsson og Geir Magnússon, verða ekki sóttir til saka fyrir hlutdeild sína í óumdeildum brotum á samkeppnislögum. Brotin eru langsamlega um-

fangsmestu brot sem samkeppnisyfirvöld hafa rannsakað hér á landi og komið upp um.

Meginforsenda meirihluta Hæstaréttar fyrir dóminum, sem staðfesti frávisun héraðsdóms frá 12. febrúar, er sú að fyrirkomulag í lögum, um hvernig ætti að standa að meðferð máls ef grunur vaknaði um að brotið hafi verið gegn samkeppnislögum, væri ekki nógu skýrt. Jafnframt er lögð áhersla á að þessi óskýrleiki í lögum sé fyrir hendi þegar hugað sé að því hvernig eigi að haga opinberri rannsókn jafnhliða meðferð samkeppnisyfirvalda á brotum. Ólafur Þórkur Þorvaldsson hæstaréttardómari skilaði séráttkvæði en hann var eini dómari sem vildi að málið fengi efnislega meðferð.

Girt fyrir gloppur í kerfinu

Nýlega voru gerðar breytingar á samkeppnislögum sem eiga að girða fyrir þá gloppu í lögum, sem gerði það að verkum að Einari, Geir og Kristni verður ekki refsað fyrir umfangsmestu brot á samkeppnislögum sem samkeppnisyfirvöld hafa komið upp um hér á landi. Ábyrgð starfsmanna fyrirtækja á að vera skýrari nú en hún var og meðferð mála á vera hnökralaus bæði hjá samkeppnisyfirvöldum og hjá lögreglu.

Ábendingar um þessa gloppu, sem fríaði forstjórana ábyrgð, komu fram á upphafsstigum málsins, bæði frá ákærvaldinu og lögmennum olíufélaganna.

Á þeim forsendum meðal annars lét Ragnar H. Hall, lögmaður Kristins, hafa eftir sér í Fréttablaðinu þegar ákærurnar voru birtar forstjórunum 13. desember í fyrra að sú ákvörðun að ákæra forstjórana væri „lögfræðileg tilraunastarfsemi“.

Mál fyrir dómi – niðurstöðu beðið Reykjavíkurborg voru dæmdar skaðabætur upp á 78 milljón-

ir króna vegna samráðs olíufélaganna fyrir útboð borgarinnar og Strætó bs. í október 1996. Þess er beðið að Hæstiréttur dæmi í málinu en olíufélagin áfrýjuðu niðurstöðunni.

„Er einhver að halda því fram í fullri alvöru að samráð olíufélaganna hafi ekki valdið tjóni?“ spurði Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, hæstaréttarlögmaður og lögmaður Reykjavíkurborgar, í upphafi málflyttings síns við aðalmeðferð málsins í héraðsdómi. Lögmennt olíufélaganna héldu því fram að það væri ekkert sem benti til þess að Reykjavíkurborg hefði tapað á samráðinu en héraðsdómur komst að annarri niðurstöðu og féllst á varakröfu borgarinnar.

Þess er beðið að Hæstiréttur dæmi í málinu en önnur fyrirtæki, meðal annars Flugleiðir, ÍSAL og útgerðarfélagið Brim, eru enn að skoða málin með það fyrir augum að leita réttar síns. Vestmannaeyjabær hefur þegar farið í mál við olíufélagin en mál bæjarins verður þingfest á næstunni í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Sigurði Hreinssyni, trésmiði frá Húsavík, voru dæmdar fimmtán þúsund krónur í bætur vegna samráðs olíufélaganna 16. febrúar. Tæplega 200 manns bíða niðurstöðu málsins í Hæstarétti með það fyrir augum að fara í mál. Þeir hafa sett sig í samband við Neytendasamtökin en Lögfræðistofa Reykjavíkur vinnur að málinu fyrir samtökin.

Hörður F. Harðarson, lögmaður Skeljungs, hefur látið hafa eftir sér í Fréttablaðinu að hugsanlega verði samið um bætur, staðfesti Hæstiréttur dóminn á máli Sigurðar.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

Gjöf náttúrunnar til þín

Omega-3

FISKIOLÍA



Omega-3 fiskiolía inniheldur hátt hlutfall Omega-3 fitusýra, einkum EPA og DHA sem eru okkur lífsnauðsynlegar.



Fjöldi rannsókna víða um heim hafa sýnt fram á jákvæða eiginleika þeirra fyrir heilsuna.



Omega-3 fiskiolía byggir upp ónæmiskerfið á marga vegu og hefur jákvæð áhrif á:

- sjón
- hjarta og æðakerfi
- blóðþrýsting
- kólesteról í blóði
- liði
- rakastig húðarinnar
- minni
- andlega líðan
- námsárangur
- þroska heila og miðtaugakerfis á meðgöngu

Má taka með lýsi.



www.lysi.is



Völuskrín

Laugavegi 116 v/Hlemm. Sími: 552 7010



Útsalan hefst í dag!
Flott vöruúrval
Afsláttur allt að 50%



Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám vorið 2007

Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 34.500 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmum 20 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.



Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

• Byrjendanámskeið

Windows, Word og Internetið • 22 stundir/verð 24.500
Internetið og tölvupóstur • 9 stundir/verð 10.900
Windows XP fyrir byrjendur • 9 stundir/verð 10.900
Fingrasetning - tölvuvélritun • 6 stundir/verð: 6.900

• Access

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • 22 stundir/25.900
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • 18 stundir/34.900
Access III: Fjölvar og forritun með VBA • 36 stundir/52.900

• Word

Word 1a: Grunnur ritvinnslu • 9 stundir/verð 10.900
Word 1b: Betri ritvinnsla • 13 stundir/verð 16.900
Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • 22 stundir/verð 24.500
Word II: Framhald • 22 stundir/verð 26.900
Töflur og eyðublöð í Word • 4 stundir/verð 6.900
Vinnsla langra skjala í Word • 13 stundir/verð 16.900
Dreifibréf og markpóstur í Word • 4 stundir/verð 6.900

• Excel

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • 22 stundir/verð 22.500
Excel IIa: Sérhæfð notkun • 18 stundir/verð 29.900
Excel IIb: Fjármál, bókh. og endursk. • 18 st./verð 34.500
Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • 32 st./verð 45.900

• PowerPoint

PowerPoint I: Glærur og kynningar • 13 stundir/verð 16.900
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • 9 stundir/verð 13.900
PowerPoint I + II • 22 stundir/verð 24.500

• Outlook

Outlook: póstur, tímareíða og verkefni • 13 st./verð 16.900

• Publisher

Publisher: Bæklingar og kynningar • 13 st./verð 16.900

• Vefsíðugerð

FrontPage 2003 vefsíðugerð • 22 stundir/verð 24.500
DreamWeaver vefsíðugerð • 27 stundir/verð 29.900
DreamWeaver og Photoshop • 33 stundir/verð 49.900
Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • 18 st/verð 24.900

• Myndvinnsla og grafík

Ljósmyndavinnsla með Picasa • 9 stundir/verð 12.900
Stafræn ljósmyndun • 13 stundir/verð 15.900
Photoshop: Ljósmyndir og grafík • 22 stundir/verð 26.900
Photoshop Elements • 13 stundir/verð 16.900
Visio: Viðskiptagrafík og teikning • 18 stundir/verð 24.900

• Windows XP

Windows XP fyrir venjulega notendur • 9 st./verð 12.900

• Verkefna- og tímastjórnun

PRINCE2 verkefnastjórnun • 22 stundir/verð 49.900
Microsoft Project verkefnastjórnun • 22 st./verð 39.900
Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 14.900

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfstöðugt við tölvunotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og Windows XP
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist þátttakandanum í vinnu eða heima við.

Lengd: 84 stundir/57 klukkust. Verð: 74.900 staðgr.
Tímar: Morgunnámskeið hefst 24. apríl 2007.

Skaraðu framúr í Office



Taktu þátt í þriggja daga áskorun okkar í Excel, Word og PowerPoint. Við leggjum spilin á borðið og kennum þér hluti sem skipa þér í hóp þeirra bestu í Office.

Námið er byggt á fyrirlestrum, æfingum og samvinnu nemenda og kennara við að ná hámarksárangri í notkun Office forritanna þriggja. Hringdu strax og bókaðu sæti því þau eru ekki mörg sem eru í boði á þessa þriggja daga törn okkar fyrir páskana.

Kennslubækur innifaldar, hádegisverður (x2), kaffi og símaþjónusta. Kennir er á Office 2003 og nýjungarnar í Office 2007.

Lengd: 24 stundir/16 klukkust. Verð: 60.000 staðgr.
Tímar: 2. og 3. apríl kl. 9:00-16:00 og 4. apríl 9:00-12:00.

Námið er alls ekki fyrir byrjendur. Aðeins reyndir notendur fá að taka þátt!

Námskeið á næstunni

Námskeið	Hefst	Lýkur	Tími	Stund.	Klst.	Verð	Ábendingar
Access I: Almenn gagnagrunnsgerð	11.4.2007	17.4.2007	13:00-16:00	22	15	25.900 kr.	
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð	10.4.2007	13.4.2007	9:00-12:00	18	12	34.900 kr.	
Almennt tölvunám	24.4.2007	25.5.2007	9:00-12:00	90	60	74.900 kr.	Kennt er alla morgna
Excel I: Almenn töflureiknisnotkun	10.4.2007	16.4.2007	9:00-12:00	22	15	24.500 kr.	
Flash margmiðlun	3.4.2007	17.4.2007	16:15-19:15	18	12	24.900 kr.	Kennt er þri./fim.
Internetið og tölvupóstur	26.4.2007	27.4.2007	9:00-12:00	9	6	10.900 kr.	
Ljósmyndavinnsla með Picasa	30.4.2007	2.5.2007	19:30-22:30	9	6	12.900 kr.	Tvö kvöld, mán./mið.
MCP 70-290: Windows 2003 Server	27.3.2007	22.5.2007	16:15-19:15	60	40	99.900 kr.	Kennt er þri./fim.
Outlook: tímareíða, verkefnayfirlit	2.4.2007	4.4.2007	9:00-12:00	13	9	16.900 kr.	
Photoshop Elements	12.4.2007	24.4.2007	19:30-22:30	13	9	16.900 kr.	Kennt er þri./fim.
Photoshop I: Ljósmyndavinnsla og myndir	26.3.2007	30.3.2007	13:00-16:00	22	15	26.900 kr.	
PowerPoint I: glærugerð og -notkun	26.3.2007	28.3.2007	9:00-12:00	13	9	16.900 kr.	
PowerPoint I: glærugerð og -notkun	29.3.2007	10.4.2007	19:30-22:30	13	9	16.900 kr.	Kennt er þri./fim.
PowerPoint I: glærugerð og -notkun	16.4.2007	18.4.2007	9:00-12:00	13	9	16.900 kr.	
PRINCE2 verkefnastjórnun	26.4.2007	27.4.2007	9:00-16:00	18	12	49.900 kr.	Hádegisverður innifalinn
Publisher: útgáfa bæklinga og kynningar	2.4.2007	4.4.2007	13:00-16:00	13	9	16.900 kr.	
Stafræn ljósmyndun	25.4.2007	2.5.2007	19:30-22:30	13	9	16.900 kr.	Kennt er á mán./mið.
Tímastjórnun með Outlook	16.4.2007	16.4.2007	13:00-17:00	6	4	14.900 kr.	
Visio viðskiptagrafík og teikning	10.4.2007	13.4.2007	13:00-16:00	18	12	24.900 kr.	
Word II: Kraftmikil ritvinnsla	11.4.2007	17.4.2007	13:00-16:00	22	15	26.900 kr.	
Word: Dreifibréf og markpóstur	16.4.2007	16.4.2007	13:00-16:00	4,5	3	6.900 kr.	
Word: Töflur og eyðublöð	17.4.2007	17.4.2007	13:00-16:00	4,5	3	6.900 kr.	
Word: Vinnsla langra skjala	11.4.2007	13.4.2007	13:00-16:00	13	9	16.900 kr.	

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélag styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar og lán til allt að 5 ára (leitið nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar

– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!



TÖLVU- OG
VERKFRÆÐIPJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is

NÓATÚN



ÝSA
MEÐ HVÍTLAUK OG RJÓMAOSTI **899** kr. kg



ÝSA
MEÐ FRÖNSKU SINNEPI OG GRASLAUK **899** kr. kg




ÝSA
Í THAI GREEN CURRY **899** kr. kg



ÝSA
Í INDVERSKU KARRÝ **899** kr. kg




RAUÐSPRETТА
AÐ DÖNSKUM HÆTTI **1.298** kr. kg



Nýtt í Nóatúni!

**Þú sparar
400 kr. kg.**

SALTFISKUR
MEÐ RAUÐLAUK OG HVÍTLAUK **998** kr. kg



Nýtt í Nóatúni!

**Þú sparar
300 kr. kg.**

SALTFISKUR
MEÐ KOKTEILTÓMÖTUM OG GRÆNMETI **998** kr. kg



Nýtt í Nóatúni!

KEILA
MEÐ KOKTEILTÓMÖTUM OG BASIL **899** kr. kg



Nýtt í Nóatúni!

KEILA
MEÐ HVÍTLAUKSOSTI **899** kr. kg



ÞORSKFLÖK
ROÐ OG BEINLAUS **899** kr. kg



SALTFISKUR
AÐ HÆTTI BÖRSUNGA **798** kr. kg

NÓATÚN

Fiskidagar í Nóatúni!



35%
afsláttur

ÝSUFLÖK
ROÐ- OG BEINLAUS
798 kr.
kg



STEINBÍTUSSTEIK
MARINERUÐ

899 kr.
kg



Nýtt í Nóatúni!



STEINBÍTUR
MEÐ KARRÝ, KAPERS OG BÖNUNUM

899 kr.
kg



Nýtt í Nóatúni!

STEINBÍTUR
MEÐ BLAÐLAUK OG ASPAS

899 kr.
kg



Nýtt í Nóatúni

Scwarm kartöflur
með og án fyllingar



Hvítlauks
baguette
199 kr. pk.

Filippo berio
hreint meistaraverk



„Verði ykkur að góðu!“

Mörg mál voru samþykkt fyrir þinglok eins og endranær.

Afnám fyrningarfrests stórt skref

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Fyrir leikmenn eru þinglokin ár hvert, og ekki síst á kosningavori, mikið sjónarspil. Þingmenn semja sín í milli um hvaða frumvörp eiga að komast í gegn fyrir þinglok og hver ekki og fyrir utanaðkomandi liggur ekki endilega beint við að skilja forgangsröðunina. Ýmis smámál eru afgreidd sem lög frá Alþingi meðan stærri máli liggja óbætt hjá garði.

Þessi andi sveif sem fyrir yfir vötnum við lok þingsins sem slitid var laust eftir miðnætti aðfaranótt gærdagsins. Til dæmis var samþykkt að þjóðfáninn skuli vera í þingsalnum og lög um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Hins vegar var samgönguáætlun til 2018 ekki samþykkt og ekki heldur fjölmíðlalögin margumræddu og umdeildu.

Þeir eru þó áreiðanlega margir sem fagna því að meðal laga-breytinga sem 133. lögjafarþing afgreiddi var breyting á hegn-ingarlögum þess efnis að afnema fyrningarfrest í alvarlegustu kynferðisbrotamálum.

Að svipta barn æsku sinni og sakleysi með því að svívirða það kynferðislega er sá glæpur sem gengur næst því að taka mann af lífi.

Kynferðisglæpir gegn börnum er einhverjir alvarlegustu glæpir sem hægt er að fremja. Að svipta barn æsku sinni og sakleysi með því að svívirða það kynferðislega er sá glæpur sem gengur næst því að taka mann af lífi. Eðli þessara mála er þannig að iðulega koma þau ekki upp á fyrirborðið fyrir en löngu eftir að glæpurinn hefur verið framinn og því er sönnunarbyrðin oft erfið. Framgangur kynferðis-brotamála gegn börnum hefur því verið þungur í dómskerfinu.

Mörgum þykja einnig dómur í kynferðisbrotamálum gegn börnum býsna vægir, ekki síst samanborið við dóma í íkniefnamálum. Samþykkt Alþingis á ákvæði um afnám fyrningarfrests í alvarlegustu kynferðisbrotamálum gegn börnum er vissulega ótengd lengd dóma. Engu að síður má þó vona að hún boði við-horfsbreytingu sem fyrir en síðar muni skila sér til dómstóla.

Hitt er öruggt að samþykkt Alþingis frá því á laugardaginn styrkir réttarstöðu barna í íslensku samfélagi og er skref í þá átt að viðurkenna í framkvæmd sérstök mannréttindi barna. Hún er einnig viðurkenning á þeirri skýlausu skyldu samfélagsins að vernda börn með öllum tiltækum aðferðum gegn ofbeldi.

Þingmenn eiga heiður skilinn fyrir að sýna nú samstöðu um fram-göngu þessa réttlætismáls sem nú lá fyrir þinginu í þriðja sinn. Sér-stakan heiður á þó þingmaðurinn ungi skilinn, varaformaður Sam-fylkingarinnar Ágúst Ólafur Ágústsson. Hann hefur verið fyrsti flutningsmaður málsins og unnið ótullega að framgangi þess.

Með samþykki afnáms fyrningarfrests í alvarlegustu kynferðis-brotamálum gegn börnum hefur einn fjölmargra tálma í fram-gangi þessara sorglegu mála verið fjarlægður og ekki er annað hægt en að fagna því og óska þingheimi og þjóðinni til hamingju með þetta framfaraspor.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTÖÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Við keyrum það áfram...



Nýja Sendibílastöðin
568 5000
www.sendibilar.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Búmerang

Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Sam-fylkingar, er einn þeirra sem hefur stigið fram og gagnrýnt að forstjór- ar oliufélaganna gangi ódæmdir í burt frá verðsamráðsmálinu. Málið hafi ekki fengið efnislega meðferð. En hvaða dómari í Hæstarétti vildi að málið fengi efnislega meðferð? Jú, það var Ólafur Þorkur Þorvaldsson. Sami Ólafur Þorkur og Lúðvík gagn-rýndi að væri skipaður dómari við réttinn. Hann átti að vera strengja-brúða íhaldsins. Óhæfur til verks-ins. Varla hugsa sjálfstæða hugs-un. Lúðvík lagði meira að segja fram frumvarp á Alþingi sem átti að breyta skipunarferli dómara. En nú er hann sammála þess- um „óhæfa“ dómara. Svona er veröldin oft skritin.

Eurovision

Það er alltaf að verða vinsælla og vin-sælla að fylgjast með stórafmæl- um og árhátíðum. Kaupþing hélt til dæmis glæsilega árhátíð á laug-ardagskvöld þar sem þemað var Eurovision. Mæltist það vel fyrir hjá starfsfólki og kom flestum á óvart að sjá hina dönsku Olsen-bræður stíga á svið við mikinn fögnuð bankafólks. Þá var mætt landsliði Íslands í Eurovision: Eiki Hauks auðvitað, Selma Björnsdóttir, Stebbi og Eyfi og Páll Óskar.

Sjálfsgrín

Kópavogsbær hélt líka árhátíð sína á laug-ardagskvöldið. Mættu starfs-



menn bæjarins vel á hátíðina þar sem umgjörðin var öll hin glæsileg-asta. Gunnar Birgisson, bæjarstjóri, hefur auðvitað verið í sviðsljósinu undanfarið og því spenningur hjá fólki að sjá hvernig grínistinn Örn Arnason, sem var veislustjóri, myndi taka hann í gegn. Örn var góður og gerði auðvitað grín að æðsta manni stjórnsýslunnar. Hins vegar mun Gunnar sjálfur hafa verið enn betri þegar hann gerði grín að sjálfum sér. Sagði Örn fara mjúkum höndum um sig enda hafi hann reddað honum góðri lóð og spurði gesti hvort þeir hefðu ekki verið ánægð-ir með öll trén sem hann hefði plantað fyrir fram-an ípróttahúsið. Það er fátt sem hagar bæjarstjóran-um. bjorgvin@frettabladid.is

Harakiri Framsóknar

Ég minnst ekki jafn hörmu-legrar sneypufarar hjá nokkr-um flokki og Framsókn fór á endanum varðandi stjórnar-skrármálið. Sjálfstæðisflokkur-inn teymdi hann á asnaeyrun-um gegnum málið, og fullkomn-aði sneypuförina með því að fleygja flokknum rakleiðis á nefið í forina þegar Sjálfstæðisflokk-urinn knúði í gegn að auðlinda-ákvæðið yrði gert afturreka inn í stjórnarskrárnefnd forsætisráð-herra. Þetta var írak allt upp á nýtt. Framsókn lúffaði skjálfaði í hnjánám.

Forysta Framsóknar átti kost á að mynda nýjan meirihluta á Alþingi um að taka auðlindaákvæði upp í stjórnarskrá, senda Sjálf-stæðisflokkinn í minnihluta og fleygja honum þannig út úr ríkis-stjórn. Ekki er ólíklegt að Fram-sókn hefði þá gengið til kosninga með Jón Sigurðsson sem forsæt-isráðherra í minnihlutastjórn og í svipaðri stöðu um stjórnar-myndun og Ólafur Jóhannesson var 1979. Forysta Framsóknar bilaði á taugum á endasprennin-um – og málinu lyktaði með opin-beru harakiri Framsóknar. Í lok hinnar ótrúlegu stjórnarskrár-viku hrundi Framsókn ofan í ríf-lega 6% fylgi.

Ágreiningur í ríkisstjórn

Það vakti mikla athygli strax í upphafi að frumvarp Geirs H. Haarde og Jóns Sigurðssonar um auðlindaákvæðið var ekki ríkis-stjórnarfrumvarp, heldur borið fram sem þingmannarfrumvarp þeirra tveggja. Þessi sérkenni-lega staða benti strax til að svo mikill ágreiningur hefði verið í ríkisstjórninni, að ekki hefði tek-ist að leggja málið fram sem sameiginlegt stjórnarfrumvarp. Þegar Alþýðflokkurinn knúði Davíð Oddsson, þáverandi for-sætisráðherra, til að leggja fram



ÓSSUR SKARPHÉÐINSSON

Í DAG | Auðlindaákvæði

Sjálfstæðisflokknum tókst því að beygja Framsóknarflokk-inn, gera hann ótrúverðugan í augum þjóðarinnar og eigin flokksmanna.

skyld frumvarp voru 1995 var það að sjálfstæðisflokkurinn varp.

Í umræðum á Alþingi kom skýringin í ljós. Ræður Sivjar Friðleifsdóttur og Jónínu Bjart-marz voru allar á sömu nótum og málflytningur Samfylkingar-innar og stjórnarandstöðu. Þær vildu að ekki væri hægt að selja eða láta þjóðareign af hendi með varanlegum hætti, og afnotarétt-inn væri einungis hægt að veita tímabundið. Þær voru því á allt annarri skoðun en Sjálfstæðis-menn, sem sögðu afdráttarlaust að ákvæðið ætti ekki að breyta neinu. Þungavigtarþingmaður flokksins gekk svo langt að kalla frumvarpið hreina „þykjustu“ í Kastljósspætti með mér.

Jón Sigurðsson, formaður Framsóknar, var hins vegar ítrek-að gerður afturreka með þenn-an skilning á Sjálfstæðisflokkn-um. Því undu Siv og Jónína ekki. Það var því bullandi ágreiningur innan ríkisstjórnarinnar. Það var ástæðan fyrir því að frumvarp-ið var ekki lagt fram sem ríkis-stjórnarfrumvarp heldur sem til-laga tveggja þingmanna.

Barbabrella Sjálfstæðismanna

Auðvitað ætlaði Sjálfstæðisflokk-urinn aldrei að samþykkja breyt-ingu á stjórnarskrá sem gæti dregið úr sérhagsmunum útgerð-armanna. Í umfjöllun sérnefnd-ar þingsins kom ótvírætt í ljós hjá helstu stjórnskipunarfræð-ingum landsins að frumvarp-ið myndi auka réttaröfissu og var stjórnskipulega ótækt. Eng-inn þeirra sérfræðinga sem sér-nefndin kallaði til mælti með samþykkt þess. Að því leyti fengu formenn stjórnarflokka al-gera fallettkunn. Próffessorarnir Eiríkur Tómasson og Björg Thor-arensen, sem ríkisstjórnin valdi sem sérfræðinga stjórnarskrár-nefndar forsætisráðherra, kváðu upp úr með að ákvæði frumvarps-ins mætti túlka á þann veg, að það styrkti séreignarétt útgerðar-manna á kvótanum.

Við þær aðstæður átti Fram-sóknarflokkurinn kost á að mynda meirihluta á Alþingi um að setja inn í frumvarpið skýr ákvæði um að þjóðareign mætti aldrei selja eða afhenda með var-anlegum hætti, heldur einung-is láta í té tímabundinn afnotarétt gegn gjaldi. Framsókn beygði sig hins vegar undir hótunum Sjálf-stæðismanna.

Sneypuför Framsóknar var fullkomnuð með því að hún lét íhaldið knýja sig til að senda auð-lindaákvæðið aftur inn í stjórn-arskrárnefnd forsætisráðherra – þar sem Framsókn hafði ekki þorað að samþykkja málið í öþökk íhaldsins.

Sjálfstæðisflokknum tókst því að beygja Framsóknarflokkinn, gera hann ótrúverðugan í augum þjóðarinnar og eigin flokksmanna – og fá áframhaldandi neitunar-vald á málinu inni í stjórnarskrár-nefndinni. Barbabrella Geirs H. Haarde gekk upp – en kostaði Framsókn pólitískt framhaldslíf.

Samfylking vill stóriðjuhlé

UMRÆÐAN

Stóriðja

Þegar Hafnfirðingar ganga að kjörborði-nu í íbúakosningu um stækkun ál-versins í Straumsvík hafa þeir í hendi sér valdið til þess að stöðva stækkunaráform Alcan. Það gera þeir með því að merkja nei við tillögu að nýju deiliskipulagi sem gerir ráð fyrir þreföldun álversins. Velji fólk að samþykkja skipulagstillöguna þá verður gert ráð fyrir stækkuninni í Straumsvík í skipulagi Hafnarfjarðarbæj-ar. Nýtt deiliskipulag er hins vegar ekki endanleg ávísun á stækkun. Þá á eftir að taka af-stöðu til orkuöflunar, þjóðhagslegra áhrifa og fleiri þátta. Sú staðreynd vill gleymast í umræðunni um íbúakosninguna í Hafnarfirði.

Vald og vilji fólksins

Það er í senn lofsvert og til eftirbreytni að bæjar-stjórnin í Hafnarfirði skuli hafa ákvæðið að setja ákvörðun um skipulag sem rúmar stækkað álver í hendi bæjarbúa. Með því stígru Samfylking-in í Hafnarfirði stórt skref í átt til aukins íbúalýð-ræðis hér á landi. Eg er sannfærð um að krafan um íbúakosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur um stór



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

og brýn mál mun hljóma oft og hærra hér á landi í náinni framtíð. Samfylking-in hefur frá upphafi barist fyrir auknum heimildum til þess að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur.

Verndum fyrst – virkjum svo

Fagra Ísland er yfirskrift stefnumótunar Samfylkingarinnar í umhverfis- og nátt-úruvernd. Þar er gert ráð fyrir því að Ís-lendingar geri stóriðjuhlé og nýti tímann til þess að kortleggja náttúru Íslands með tilliti til þess hvaða verðmætu svæði við viljum vernda og jafnframt hvaða svæði

við teljum óhætt að nýta með örðum hætti. Svo að þetta sé framkvæmanlegt þarf að taka leyfisveiting-ar til rannsóknna og nýtingar á orkukostum úr hönd-um iðnaðarráðherra og færa þær aftur til Alþing-is. Aðeins þannig er hægt að fá yfirsýn yfir þá kosti sem okkur bjóðast, forgangsraða þeim og vernda þá eða nýta til hagsbóta fyrir alla landsmenn. Það er mikilvægt að Hafnfirðingum sé stefna Samfylking-arinnar í umhverfismálum skýr þegar þeir ganga að kjörborði 31. mars nk.

Höfundur er þingmaður Samfylkingarinnar í Suð-vesturkjördæmi.

FORRITUN

Liðið Titus Livy sigraði örugglega í forritunarkerppni framhaldsskólanna. Draumur drengjanna í liðinu er að forrita fyrir tölvuleiki en sjálfir segjast þeir löngu hættir að spila tölvuleiki sjálfir.

GRÆJUR 2



RISASJÓNVARP

65" sjónvarp er nú til sýnis í Svartækni. Sjónvarpið, sem kostar 1,3 milljónir, er að öllum líkindum það stærsta á Íslandi.

GRÆJUR 2



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[GRÆJUR]

Vodafone auglýsir nú ævintýraverð á sínum sínum. Allir símarir afhendast forhlaðnir, forstilltir og með tveggja ára ábyrgð. Sjónvarpsímminn Nokia 6131 er á 26.900, en í honum er hægt að horfa á Sky News og fréttir Stöðvar 2, svo eitt-hvað sé nefnt.



PS3 kemur í verslanir hérlandis á föstudag. Til að byrja með verða 30 leikir fánlegir og einnig er hægt að spila alla gömlu Playstation og Playstation 2 leikina.

Híve er með ánægustu viðskiptavini Íslands 2006. Þetta eru niðurstöður ánægjuvogarinnar fyrir síðasta ár.

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn
19. mars, 78. dagur ársins
2007.



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	7.33	13.36
Akureyri	7.18	13.20

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is



Magnús Már Guðnason og Smári Freyr Smárason stefna á hljóðmúrinn í sumar með nýjun eldflauginni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á hljóðhraða til himins

Smári Freyr og Magnús Már í Amateur Icelandic Rocketry eru með eldflaug á teikniþorðinu sem slá mun heimsmet ef hún kemst yfir hljóðhraða.

„Markmiðið hjá félaginu Amateur Icelandic Rocketry er að smíða flaug sem fer yfir hljóðhraða eða yfir 1200 kílómetra á klukkustund,“ segja eldflaugasmíðirnir Magnús Már Guðnasson, nemi í efnafræði við HÍ, og Smári Freyr Smárason, nemi í pípulagningum við Iðnskólann í Hafnarfirði.

Fyrsta flaugin sem þeir hönnuðu og smíðuðu var Air 203. Henni var skotið á loft í fyrra og flaug í 1.081 metra hæð á 15 sekúndum og náði 590 kílómetra hámarks- hraða. Hún var með innbyggða fallhlíf og tölvustýribúnað sem bæði mældi hraða og opnaði fallhlífina.

Við fengum leyfi frá sýslumanni og flugmálastjórn. Flaugin lenti 400-500 metra frá skotstað með fallhlífinni svo það stafaði aldrei nein hættu af henni,“ segir Smári.

Félagarnir eru þeir einu sem fást við eldflaugasmíði á Íslandi en áhugi er mikill erlendis. „Við höfum fengið góða aðstoð frá eldflaugaáhugamönnum í Ameríku og notum til dæmis eldsneytisuppskrift frá félagi okkar þaðan,“ segir Magnús.

Flauginni sem nú er í smíðum verður skotið á loft í sumar og markmiðið er að slá heimsmet. „Þetta er í fyrsta sinn sem flaug með þessa gerð eldsneytis rýfur hljóðmúrinn ef allt gengur að óskum,“ segir Magnús.

Félagið er með aðstöðu hjá Félagsmiðstöðinni Músík og motór í Hafnarfirði en framtakið er alfarið styrkt af fyrirtækjum.

rh@frettabladid.is

Viltu vera í góðu formi?



Ævintýralegar fiskbúðir
fiskisaga.is

Tilboð dagsins!

Ítalskar hakkbollur í sólberjasósu
á 990.- kr.kg





Gasmiðstöðvar - Vatnshitarar
í bíla, báta, húsbíla, fellihýsi, sumarhústaði o.fl.

Lokað brunahólf = enginn opinn eldur
Tekur loft utan frá rými = engin hættu á súrefnisskortri
Skilar afgasi út úr rými = engin mengun




E-2400/E-4000
Hitar með blæstri, tveggja hraða með thermostati.

Vatnshitari
Hitar bæði vatn og rýmið, allt að 6000 wött, með thermostati.

S-2200
Pílofnar í alla ferðabíla og hústaði, einnig möguleiki á blæstri.

Mjög hljóðlátar og öruggar enda 50 ára reynsla.
Uppfylla alla þýska og ce-öryggisstaðla.

BÍLARAUF Truma umboðið
Auðbrekku 20 • S. 564 0400



Strákarnir úr sigurlíði Forritunarkeppni framhaldsskólanna vona að sigurinn opni dyr inn í forritunarbransann.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Sigrðu með C sharp

Forritunarkeppni framhaldsskólanna fór nýverið fram í tölvunarfræðisvið Háskólans í Reykjavík. Keppt var í þremur deildum þar sem liðið Titus Livy frá Iðnskóla Reykjavíkur fór með sigur af hólmi í Alfa-deildinni.

Forritunarkeppni framhaldsskólanna er í umsjón tölvunarfræðisviðs Háskólans í Reykjavík. Þetta er í sjötta sinn sem keppnin fer fram og í ár mættu átján lið til leiks frá tíu framhaldsskólum.

Keppt var í þremur deildum, Alfa fyrir lengra komna, Beta fyrir miðlungsreynda og Delta fyrir byrjendur.

„Við byrjuðum að vinna saman

viku fyrir keppnina og fengum gott frí í skólanum til undirbúnings,“ segir Guðni Þór Guðnason sem ásamt Magnúsi Skúlasyni og Eyþóri Sigmundssyni skipuðu liðið Titus Livy frá Iðnskólanum í Reykjavík sem fór með sigur af hólmi í Alfadeildinni.

Keppninni var skipt í tvo hluta þar sem fyrri hlutinn snerist um minni verkefni sem átti að leysa innan tímamarka. Seinni hlutinn var forritun á tölvuleikum Lúðó en að eigin sögn eru strákarnir samt löngu hættir að spila tölvuleiki.

„Draumurinn er að komast í forritunarstarf sem fyrst og þótt

við séum nánast hættir að spila tölvuspil væri gaman að forrita og hanna forrit fyrir tölvuleiki,“ segir Guðni Már.

Strákarnir hafa verið iðnir við forritun í tvö til þrjú ár og lært nokkur forritunarmál í leiðinni.

„C sharp forritunarmálið er í mestu upphaldi. Við notuðum það í keppninni en núna erum við að læra á Python,“ segir Guðni Þór en tölvuleikurinn EVE online sem er hannaður og rekinn af CCP er einmitt að stærstum hluta forritaður með Python og strákarnir eru á einu máli um að starf hjá CCP væri draumurinn.

rh@frettabladid.is

ALLTAF BETRI VERÐ!

Geisladiskar í miklu úrvali

Vorun að taka inn allar gerðir af diskum, m.a. CD-RW, DVD-R, DL, DVD+R, DVD+RW



25stk CDR
700 MB

1.290 kr.

Geisladiskatöskur



96 diska
taska

890 kr.

Blekhyli á bestu verðum í
alla algengustu prentarana!



Canon BCI-21
svart blekhyli

600 kr.



Tæknibær
Skipholti 50c - Sími 551 6700 - www.tb.is

Tivoli Audio

fermingargjöfin...

bestu afspilunartækin með útvarpi fyrir iPod



HLJÓMSÝN

www.hljomsyn.com

ÁRMÚLA 38 - SÍMI 588 5010

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000

ÉÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá



Hafliði virðist ansi smávaxinn við hlið sjónvarpsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETER

Risasjónvarp fyrir 1,3 milljónir

Svar tækni hefur á boðstólunum 65" plasmásjónvarp. Myndgæðineru mjög góð miðað við stærðina.

Sumir eiga sjónvarp en aðrir eiga SJÓNVARP. Þeir sem eiga 1,3 milljónir króna og langar í RISASJÓNVARP ættu að koma sér niður í Svar tækni. Þar gefur að líta 65" PV600 plasmásjónvarp frá Panasonic.

„Maður verður eiginlega að koma sjálfur og upplifa tækið til að skilja stærðina og sjá þessi klinkuðu myndgæði,“ segir Hafliði Jónsson eins og góðum sölu- manni sæmir. „Það er svo ótrúlegt

að það eru eiginlega betri myndgæði í þessu sjónvarpi en bestu 32" og 37" sjónvörpunum okkar.“

Tækið er með upplausn upp á 1920x1080, 5.000:1 skerpu og 29 milljarða lita. „Ástæðan fyrir myndgæðunum er Full HD tæknin en fá tæki eru búin slíkrri tækni,“ segir Hafliði.

Sjónvarpið verður til sýnis í versluninni í nokkra daga en eftir það fer það til kaupanda þess. „Við erum ekki með þessi sjónvörp á lager en það er hægt að panta í gegnum okkur,“ segir Hafliði. Eins og áður kom fram kostar sjónvarpið 1,3 milljónir en fyrir slíkan pening má til dæmis fara 1.444 sinnum í bíó.

-tg

Umhverfisvænni ljósaperur

Ljósaperur byggja á 125 ára gamalli tækni. Philips og stærstu umhverfissamtök Bandaríkjanna telja tíma kominn á breytingar.

Stærstu umhverfissamtök Bandaríkjanna NRDC ætla í samstarfi við Philips að koma með lausnir á ljósaperum og ljósakerfi sem eru mun umhverfisvænni en það sem er nú í notkun. Á blaðamannafundi þar sem þetta var tilkynnt sögðust þeir ætla að ljúka verkinu fyrir árið 2016.

„Tími er kominn á breytingar og þetta er snjöll hugmynd,“ segir Noah Horowitz, yfirvísindamaður NRDC. „Með nýjum ljósaperum og ljósabúnaði munum við spara orku, draga úr mengun og draga úr gróðurhúsaáhrifum, og rafmagnsreikningar munu lækka.“

Nú þegar eru á markaðinum vörur sem eru orkusparandi eins og sparperur sem endast tíu sinnum lengur en aðrar perur. Von er á fleiri slíkum vörum frá Philips og öðrum framleiðendum, eins og betri halógenperum og díóðum. Þær ljósaperur sem notaðar eru í dag eru byggðar á 125 ára gamalli tækni og segja forsvarsmenn Philips tíma vera kominn á breytingar.



Philips og NRDC ætla að finna upp ljósaperur sem draga úr gróðurhúsaáhrifum.

-kep

Milljarður af farsímum seldir árið 2006

AUKNING FRÁ ÞVÍ Í FYRRA. NOKIA SELUR EINA MILLJÓN FARSÍMA Á DAG.

Farsímasala hélt áfram að aukast á árinu 2006. Frá þessu er greint í skýrslu greiningarfyrirtækisins IDC. Yfir einn milljarður farsíma var framleiddur og er það hækkun um rúm 22 prósent frá árinu 2005. Stærsti framleiðandi heims er Nokia með 34 prósentu markaðshlutdeild. Það þýðir að fyrirtækið seldi um 348 milljónir síma á árinu, eða tæplega eina milljón á dag. Motorola kemur næst með 21 prósentu markaðshlutdeild. Samsung er í þriðja sæti með 12 prósent, þar á eftir kemur Sony Ericsson með 7,7 prósent og í fimmta sæti er LG með 7,2 prósent.



-tg

Teiknimyndir í þrívídd

ÁRIÐ 2009 MUNU ALLAR TEIKNIMYNDIR DREAMWORKS ANIMATION VERA Í ÞRÍVÍDD.

Þær voru ekki burðugar tilraunir kvikmyndarísanna til að framleiða þrívíddarmyndir á síðustu öld. Freddie Kruger var allt annað en ógnvekjandi í misheppnaðri þrívídd. Nú á hins vegar að reyna aftur og mun Meet the Robinsons frá Disney verða í þrívídd en hún verður frumsýnd í þessum mánuði vestanhafs. Dreamworks Animation mun hafa allar myndir sínar í þrívídd frá og með 2009, en þá kemur Monsters vs Aliens út. Nei, þetta er ekki framhald Alien vs Predator, heldur teiknimynd um skrímslaveiðara á eftir geimverum. Á sama ári kemur Avatar frá Fox út og jú, mikið rétt, hún verður líka í þrívídd.



-tg



Godfather er einn af fjölmörgum leikjum sem ætlaður er fyrir eldri spilara.

Eldri spilarar

ÞEIR SEM SPILA TÖLVULEIKI ERU STÖÐUGT AÐ VERÐA ELDRI.

Sú kynslóð sem ólst upp með Mario og Zelda er orðin fullorðin. Hún á sín eigin börn en í stað þess að sitja hjá á meðan börnin spila tölvuleiki taka foreldrarir fullan þátt. Bandarísk rannsókn hefur sýnt fram á það að um 71 prósent leikjatlövuendur eru í hjónabandi og 66 prósent eiga eitt barn. Þetta eru ótrúlegar tölur og hafi Nielsen//NetRatings rétt fyrir sér, en fyrirtækið stóð fyrir rannsókninni, komast börnin ekkert í tölvuna því mamma og pabbi eru of upptekin í Tekken.

NÝTT Á GRAS.IS

ÞAR SEM ALLT SNÝST UM FÓTBOLTA!

NÚ FÆRDU GRAS.IS FÉTTIR Í SÍMANN!

Vodafone live!

Headlines Félta vs Bútt Leikr Skemmtun



Angela Merkel kannslari Þýskalands opnaði CeBIT tæknisýninguna.

Stærsta tæknisýning veraldar

MINNI EN Í FYRRA EN ENNÞÁ RISASTÓR

CeBIT tæknisýningin í Hannover stendur nú yfir, en í um 20 ár hefur hún verið leiðandi á sínu sviði. Sýningin er sú stærsta í heiminum en gert er ráð fyrir að 430 þúsund gestir heimsæki sýningarsvæðið í ár. 6.059 aðilar sýna vörur sínar og uppfinningar á 280 þúsund fermetrum þannig að engum ætti að leiðast. Hægt er að skoða nýjungar á flestum tæknisviðum, allt frá nanótækni til sjónvarpsskjáa. Fyrirfram er búist við því að stjórnur sýningarinnar verði annars vegar endurkoma túbúsýningarpanna sem, þökk sé nýrri tækni, eru orðin þynnri en flatskjársjónvörp, og hins vegar ný tegund lykklaborða með díóðuljósum sem gera borðinu kleift að sýna myndir.

Leikjaforritarar vinna of mikið

LEIKJAFORRITARAR KVARTA SÁRAN YFIR OF MIKLU ÁLAGI. ÞEIM HEFUR BORIST ÖVÆNTUR LIÐSAUKI.

Leikjahönnuðurinn Chris Taylor segist í samtali við www.gamespot.com hafa breytt fyrirkomulagi fyrirtækis síns, Gad Powered Games, svo forritarar hans þyrftu ekki að vinna jafn mikla yfirvinnu. Chris, sem þekktastur er fyrir að vera maðurinn að baki Total Annihilation, Dungeon Siege, og Supreme Commander, segir að leikirnir verði einfaldlega betri ef forritararnir eru ekki piskaðir áfram.

„Dungeon Siege leikirnir hefðu orðið mun betri hefðum við unnið með sama hugarfari og við gerum núna með Supreme Commander,“ sagði Taylor. „Forritarar eru skapandi fólk og það gengur ekki að senda þá heim seint á kvöldin örþreytta því þá hætta þeir að geta skapað.“ Taylor sendir sitt fólk þess í stað heim á réttum tíma og vill að það eyði tíma með fjölskyldunni. „Það þarf að fjölskylduvæða bransann því það margskilar sér. Starfsfólkið fer þá heim en hættir ekki að hugsa um vinnuna. Þannig fæðast hugmyndir sem annars myndu aldrei líta dagsins ljós í örþreyttum hugum.“



Forritarar tölvuleikja þurfa oft að vinna myrkranna á milli.

ALLT UM HOLLYWOOD ENTERTAINMENT TONIGHT OG INSIDER

www.minnsirkus.is/tv



ENTERTAINMENT TONIGHT

KL 20:00

FRÉTTASKÝRINGARÞÁTTUR UM ÞAD SEM ER AÐ GERAST Í HOLLYWOOD



INSIDER Í DAGSKRÁRLOK

ÞÁTTUR SEM AFHJÚPAR LEYNDARMÁL FRÆGA FÓLKSINS

ENTERTAINMENT TONIGHT OG INSIDER
MÁNUDAGA TIL FIMMTUDAGA



SIRKUS TV

90% heimila ná Sirkus TV á ADSL kerfinu, Breiðbandinu, Digital Ísland en einnig er hægt að ná Sirkus TV með venjulegu UHF loftneti

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA
UM HELGAR

8-18
11-16

BÍLAR & FARARTÆKI

Bílabúð Benna

Flottasta dótubúðin

Sérpantanir frá USA
tvisvar í viku!!
Orginalvarahlutir,
aukahlutir,
skrauthlutir
og tjúnnhlutir
Allt sem
hugurinn girnist!

Gerum tilboð í stærri
pantanir og tjón!

Eigum helstu slithluti
fyrir Ameríska
bíla á lager!

DEKA rafgeymar
alvöru gæði
fyrir kuldan í vetur

Bílabúð Benna ehf.
Vagnhöfða 23
Sími 590 2000
www.benna.is

bíla land
nóðir bílar

www.bilaland.is
BÍLL DAGSINS



Renault Megane II. Nýskr. 06/2005, 1600cc, 5 dyra, fimmgráa, ljósgrár, ekinn 29.500 þ. Verð 1.790.000.

Bíland, B & L
Grjótháls 1, 110 Rvk.
Sími: 575 1230
www.bilaland.is

Bílar til sölu



Dodge Ram Mega Cap 2500 Laramie Diesel árg. 2006 ekinn 32 þ. km. Góður Bill. S 898 2811.



Tilboð aðeins 100 þús. út!
Subaru Impreza Wagon, árg. '05, ek. 57 þús., 2L, ssk. Áhv. 1.430 þús. Verð 1.690 þús. Tilboð 1.530 þús. Uppl. í s. 844 5222.



Tilboð 100 þús út.
MMC lancer '04. Ekinn 43 þús. dókkblár sjálfsk, spoiler + álfelgur. Asett 1.350 þús. Uppl. í s. 844 5222.



Toyota Hiace 4WD 0305 ekinn 32þús. km. auka sæti, dráttark. Söluverð yfir-taka á láni c.a 1800þús. + greiðsla á vsk. Uppl. í síma 6634836.

Vill ekki einhver kaupa MMC 4x4station árg. '97. Ekinn 85 þús. Góður vinnub. eða í hestana eða hvað sem er. Uppl. í síma 557 4404 eða 861 6442.

Tvær Opel Astra, báðar 2000 árg. Önnur 1200 og hin 1600 vél, beinskiptar. Önnur 2 dyra, hin 5 dyra. Verð 350þús staðgr f/1200-2dyra bílinn. Verð 500 þús. stgr. f/1600-5dyra bílinn S. 865 0696

250-499 þús.



Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GK, náði sínum besta árangri á Evrópumótariðinni þegar hann náði 25. sætinu á TCL-móttinu í Kína. Birgir Leifur átti frábæran lokahring þar sem hann lék hollurnar á fjórum undir pari og endaði því mótið á 278 höggum eða 10 undir pari.

„Ég er í þessu til að ná árangri. Þetta er besti árangurinn minn til þessa og hann hjálpar manni og sýnir að maður er á uppleið. Nú er bara að bæta þennan árangur og það er næsta markmið,“ segir Birgir Leifur og bætir við: „Það var bráðnaðsynlegt að spila góðan lokahring og rífa sig upp listann. Á síðustu tveimur mótum hef ég komist í gegnum niðurskurðinn en síðan endað fyrir aftan miðju. Síðustu níu hollurnar voru mjög góðar fyrir utan eitt lélegt

högg og ég var virkilega sáttur með að skila mér undir pari síðasta hringinn,“ sagði Birgir Leifur sem fór upp um 22 sæti á lokahringnum.

„Það er langt að fara til Kína og sætt að það skuli ganga vel því það er búið að hafa fyrir því að koma hingað og þetta kostar sitt,“ segir Birgir sem er á faraldsfæti á næstu vikum því framundan er mót á Madeira.

„Leikformið er ekkert búið að vera neitt gríðarlega mikið því þetta er bara annað mótið mitt á árinu. Ég er því virkilega sáttur

við að ná að enda þetta svona vel. Maður er ekki alveg kominn í spilaformið en þetta mót hjálpar til þar,“ segir Birgir sem var ánægður með stöðugleikann en hann spilaði hringana fjóra á pari eða betur. Með þessum góða árangri hækkaði Birgir Leifur sig um 30 sæti á peningalistanum og er því kominn upp í 196. sæti en 115 hæstu tryggja sig inn á mótaröðina á næsta ári. „Það er alveg raunhæft að ná inn á topp 115 en við fáum ekki eins mörg mót og þeir sem voru í 115 efstu sætunum árið á undan. Það þarf nokkrar góðar vikur og við sjáum til hvað það skilarsér. Ég einbeiti mér bara að einu móti í einu og er ekkert að spá í þessu neitt núna,“ sagði Birgir Leifur að lokum.



Dagur vatnsins

Ísland og Þúsaldarmarkmið SP í vatns- og fráveitumálum

Ráðstefna í Orkuveituhúsinu
22. mars 2007, kl. 13.00-17.00

Setning

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur og varaformaður Samorku

Ávarp: Stefna stjórnvalda að Þúsaldarmarkmiðum SP

Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherra

Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Þróstur Gylfason, Félagi Sameinuðu þjóðanna

Þúsaldarmarkmið í vatns- og fráveitumálum

María J. Gunnarsdóttir, Samorku

Hreint vatn í þágu heilbrigðis: Verkefni í Malaví

Þórdís Sigurðardóttir, Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Vatn í stríði og friði

Gestur Hrólfsson, Rauða krossi Íslands

Kaffihlé

Vatn á ótal vegu

Anna M. Þ. Ólafsdóttir, Hjálparstarfi kirkjunnar

Vatn og hreinlæti í neyðaraðstoð í Eþíópíu

Kristján Þorkelsson, Rauða krossi Íslands

Umræður um framtíðarsýn Íslendinga

til að uppfylla þúsaldarmarkmiðin í þessum málaflökki

Hermann Ingólfsson, utanríkisráðuneyti

Dagur Jónsson, Vatnsveitu Hafnarfjarðar

Hrund Ólöf Andradóttir, Verkfræðideild Háskóla Íslands

Guðrún Gísladóttir, Íslensku vatnafræðinefndinni

Fundarstjóri: Kristín Ástgeirsdóttir

Skráning á www.samorka.is/dagurvatsins

eða í síma 588 4430



Oddaleikur í Borgarnesinu

Skallagrímismenn unnu aftur heimavallarréttinn í Grindavík í gær. Njarðvíkingar eru komnir í undanúrslit líkt og Snæfell en Hamar/Selfoss er úr leik.

KÖRFUBOLTI Íslandsmeistararnir úr Njarðvík eru komnir í undanúrslit Iceland Express deildar karla eftir öruggan 26 stiga sigur, 60-86, á Hamar/Selfoss í Hveragerði en í einvígi Skallagríms og Grindavíkur þarf oddaleik í Borgarnesi á þriðjudaginn eftir sjö stiga sigur Borgnesinga í háspennuleik í Grindavík í gær.

Skallagrímismenn voru upp við vegg og spyrntu svo sannarlega á móti í Grindavík í gær. Skallagrímur leiddi eftir 5 mínútur, 9-12, enda vel studdir af stuðningsmönnum sínum. Grindavík jafnaði sig þó þegar á leið en Skallagrímur hafði yfirhöndina eftir fyrsta leikhlutana 23-26. Baráttan minnkaði ekkert í upphafi annars leikhluta en Axel Kárasón átti sannkallaðan stjörnukafla undir lok hálfleiksins og setti niður tvo þrista og kom forskoti gestanna í fimmtán stig. Grindvíkingar klóruðu þó aðeins í bakkann og staðan var 35-46 í hálfleik.

Grindvíkingar byrjuðu þriðja leikhluta virkilega sterkt og skoruðu sex fyrstu stigum áður en Skallagrímur náði að svara. Skallagrímismenn juku muninn og staðan að fyrir lokaleikhlutann var 52-66 fyrir Skallagrím. Skallagrím-

ur hélt Grindvíkingum í skefjum fyrstu mínútur fjórða leikhluta og staðan var 60-70 þegar 6 mínútur voru eftir af leiknum. Næstu mínútur tóku heimamenn vel til hendinni og komu stöðunni í 68-73.

Skallagrímur náði að setja aukna pressu á heimamenn með góðum stigum og þegar 2 ½ mínúta var eftir af leiknum var staðan 70-79 fyrir gestina. Það er alveg óhætt að segja að spennan hafi verið rafmögnum undir lokin en þegar 45 sekúndur voru eftir var staðan 74-79 og Grindvíkingar til alls líklegir. Axel Kárasón setti niður tvö gríðarlega mikilvæg vitaskot þegar aðeins 14,5 sekúndur voru eftir og í kjölfarið tryggði Skallagrímur sér mikilvægan sigur 80-87.

„Þetta var alveg rosalega mikilvægt að taka þennan leik. Mér fannst þetta aldrei öruggt því Grindavík getur komið til baka hvenær sem er. En það er alveg á hreinu að við töpum ekki tveim leikjum í röð á heimavelli,“ sagði maður leiksins, Axel Kárasón hjá Skallagrími, sem var gríðarlega ánægður í leikslok.

Það verða því tveir oddaleikir á þriðjudaginn, í DHL-höllinni (KR-ÍR) í Borgarnesi (Skallagrímur-Grindavík).



STIGAHÆSTUR Darrel Flake skoraði 29 stig fyrir Skallagrím í gær. VIKURFRÉTTIR

Meistaramót Íslands var haldið í Laugardalslauginni um helgina:

Jón Oddur vann alla bikara í boði

SUND KR-ingurinn Jón Oddur Sigurðsson fékk Sigurðar-, Guðmundar- og Pálsbikarinn á lokaathöfn Meistaramóts Íslands í sundi. Jón Oddur fékk Sigurðarbikarinn fyrir besta bringusundsafrekið en Jón Oddur synti 50 metra bringu

á tímanum 28:96 sekúndum. Jón Oddur hlaut einnig Pálsbikarinn (besta afrekið á Íslandsmeistaramóttinu) og Guðmundarbikarinn (besta afrek karla) fyrir þetta sund. Ragnheiður Ragnarsdóttir úr KR fékk Kolbrúnarbikar-

inn fyrir besta afrek kvenna milli Íslandsmeistaramóta í 50 metra laug fyrir 100 metra skriðsund sem hún synti á tímanum 57:18 sek. á Evrópumeistaramóttinu í Búdapest á síðast liðnu sumri.

- 66j

Hlíðarendapiltar unnu í Árbænum og eru áfram á toppnum í DHL-deild karla:

Valur er áfram í bílstjórásætinu

HANDBOLTI Valsmenn eru áfram með eins stigs forskot á toppi DHL-deildar karla eftir sex marka útisigur, 29-35, á Fylki í Árbænum í gær. Valsmenn höfðu frumkvæðið allan tímann, komust í 0-5, leiddu 13-16 í hálfleik og náðu mest átta marka mun um miðjan seinni hálfleik.

„Þetta var góður sigur því það er erfitt að spila hérna, þetta er gríðarlega reynt og gott lið. Þeir eiga örugglega eftir að ná sér í fleiri stig þetta var einn erfiðasti útvöllurinn í fyrra þannig að ég er mjög sáttur,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Valsmanna eftir leik.

„Það sýnir breiddina í okkar liði að Sigi er að koma hér inn og standa sig frábærlega og Ernir byrjaði mjög vel. Við erum í þess-arrí stöðu í dag af því að við erum með marga góða leikmenn,“ sagði Óskar Bjarni og Valsmenn máttu þannig við því að Markús Máni Michaelsson var langt frá sínu besta með sem dæmi fleiri tap-



ÓGNANDI Ernir Hrafn Arnarson átti þátt í 14 mörkum Valsmanna í gær, skoraði 8 sjálfur og átti 6 stoðsendingar að auki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

aða bolta (7) en mörk (5). „Markús er langt frá því að þurfa að bera þetta lið uppi, við vinnum ÍR með tólf mörkum án hans og vinnum þennan leik þótt hann hafi ekki spilað vel,“ segir Óskar Bjarni sem sér fram á spennandi daga framundan.

„Næstu tveir leikir eru rosaleg-

ir, Stjarnan heima í síðasta leiknum okkar í Höllinni og svo HK úti,“ sagði Óskar Bjarni að lokum.

Agnar Jón Agnarsson átti stórleik í Fylkissókninni og skoraði 12 mörk úr 16 skotum þar af 9 mörk með stórglæsilegum langskotum.

„Vörnin var skelfileg en hún hefur verið okkar besta vopn. Við eigum að gera miklu betur því við erum með svo góðan mannskap. Það er eins og við náum ekki upp almennilegri baráttu og almennilegum anda. Þetta er óútskýranlegt. Við eigum mjög góða möguleika á að halda okkur uppi en þá þurfum við að fara að byrja á því að hala inn einhverjum stig,“ sagði Agnar eftir leik.

Ólafur Helgi Gíslason varði vel í Valsmarkinu allan leikinn, Ernir Hrafn var mjög öflugur með 8 mörk og 6 stoðsendingar og Sigurður Eggertsson lifgaði upp á leikinn með leiftursnöggrum og sex marka innkomu sem kom Fylkis- mönnum hvað eftir annað í opna skjöldu.

- 66j



SIGURSÆLL Viktor Kristmannsson vann til sex gullverðlauna á Íslandsmóttinu í áhaldafimleikum um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslandsmótið í áhaldafimleikum fór fram um helgina:

Viktor vann fimm gullverðlaun í gær

FIMLEIKAR Gerpla vann alla Íslandsmeistararitla nema einn á Íslandsmóttinu í áhaldafimleikum sem fram fór í Fimleikahúsi Ármanns í Laugardal um helgina.

Viktor Kristmannsson var maður helgarinnar en hann vann gull á fimm áhöldum í gær til viðbótar Íslandsmeistaratitlinum í fjölþraut sem hann vann á laugardaginn. Viktor vann sigur á gólfi, í hringjum, í stökki og á svifrú og þá voru hann og Dýri Kristjánsson efstir og jafnir á tvíslánni. Íslandsmeistarinn í fjölþraut

kvenna Margrét Hulda Karlsdóttir bætti við tveimur gullum, á slá og á tvíslá. Fríða Rún Einarsdóttir vann stökkið og Kristjana Sæunn Ólafsdóttir stóð sig best á gólfinu.

Heimastrákurinn Bjarki Ásgeirsson tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn á bogahesti og var eini meistarinn utan Kópavogsfélagsins. Bjarki vann alls til fimm verðlauna á móttinu (1 gull, 2 silfur, 2 brons) en Tinna Óðinsdóttir tryggði einu verðlaun Gróttu með því að ná silfri á tvíslá. - 66j



PREFALDUR MEISTARI Margrét Hulda Karlsdóttir sýndi glæsileg tilþrif um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin

CHARLTON-NEWCASTLE	2-0
1-0 Zhi Zheng (52.), 2-0 Jerome Thomas, v. (88.)	
ASTON VILLA-LIVERPOOL	0-0
EVERTON-ARSENAL	1-0
1-0 Andy Johnson (90.)	

DHL-deild karla

FYLKIR-VALUR 29-35

Mörk Fylkis (skot): Arnar Jón Agnarsson 12 (16), Eymar Kruger 6 (13), Heimir Örn Árnason 5/2 (10/3), Arnar Þór Sæþórsson 3/2 (5/2), Brynjar Þór Hreinsson 1 (1), Ivar Grétarsson 1 (3), Þórir Júlíusson 1 (3/1), Vladimir Duric 0 (2), Haukur Sigurvinsson 0 (2), Ásbjörn Stefánsson 0 (1), Guðlaugur Arnarsson 0 (1).

Varin skot: Hlynur Morthens 12, Erlingur Klemenzson 5/1.

Mörk úr hraðaupphlaupum: 4 (Brynjar, Ivar Arnar, Heimir).

Fiskuð víti: 6 (Arnar 2, Guðlaugur 2, Arnar Jón, Þórir).

Brottrekstrar: Út af í 6 mínútur.

Mörk Vals (skot): Ernir Hrafn Arnarson 8 (15), Sigurður Eggertsson 6 (8), Arnór Gunnarsson 6/1 (9/1), Markús Máni Michaelsson 5/1 (10/2), Fannar Friðgeirsson 4 (7), Ingvar Árnason 3 (4), Ægir Hrafn Jónsson 2 (2), Hjalti Pálmason 1 (5), Ólafur Gíslason 0 (1).

Varin skot: Ólafur Gíslason 23/1.

Mörk úr hraðaupphlaupum: 9 (Arnór 5, Fannar, Ernir, Ægir Hrafn, Markús).

Fiskuð víti: 3 (Fannar 2, Ægir Hrafn).

Brottrekstar: Út af í 4 mínútur.

STJARNAN-HK 25-26

Mörk Stjörnnunnar: Gunnar Ingi Jóhannsson 7, Patrekur Jóhannesson 5, Tite Kalandadze 5, David Kekelia 3, Volodymyr Kysil 2, Björn Friðriksson 1, Elías Már Halldórsson 1, Arnar Theódórsson 1.

Mörk HK: Augustas Strazdas 7, Ragnar Hjaltested 5, Valdimar Þórsson 5, Tomas Eitúsis 3, Brynjar Freyr Valsteinsson 2, Ólafur Bjarki Ragnarsson 2, Sigurgeir Árni Ægisson 1, Sergey Petraytis 1.

FRAM-HAUKAR 24-22

AKUREYRI-ÍR 24-21

STADAN:

VALUR	16	12	1	3	457-419	25
HK	16	11	2	3	443-407	24
FRAM	16	9	1	6	488-448	19
STJARNAN	16	9	0	7	438-429	18
AKUREYRI	16	6	2	8	426-442	14
HAUKAR	16	4	4	8	450-471	12
FYLKIR	16	4	2	10	442-475	10
ÍR	16	3	0	13	450-503	6

DHL-deild kvenna

HAUKAR-FRAM 29-27



Á SIÐUSTU STUNDU Andy Johnson fagnar sigurmarki sínu.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

Sigurmark í uppþótartíma

FÓTBOLTI Andy Johnson tryggði Everton 1-0 sigur á Arsenal með marki í uppþótartíma. Markið kom Everton í hóp sex efstu liða og varð til þess að forskota Arsenal, í þriðja sætinu, á Liverpool minnkaði um eitt stig.

Liverpool gerði markalaust jafntefli á útivelli gegn Aston Villa í steindauðum og leiðinlegum leik. Hermann Hreiðarsson og félagar í Charlton unnu dýrmæt-an 2-0 heimasigur á Newcastle og eru nú fjórum stigum frá öruggu sæti. Fallbaráttan harðnar því mikið eftir úrslit helgarinnar. - 66j



Fermining 2007

Frábær heilsurúm með tvöföldu fjaðrakerfi af ýmsum stærðum.

Verð frá kr. 48.535 (120x200 cm.)



30% afsláttur af fylgihlutum með rúmi, t.d. sængum, koddum, lökum, dýnuhlífum og rúmteppum.

Grjónastólar og púðar frá **SIT&JOY** á tilboðsverði.

I-Chair grjónastóll með hátölurum sem tengja má við leikjatólvuna, iPod-inn eða hljómtækni
Tilboðsverð kr. 24.900



Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

RAY ROMANO

Hinn ítalsk-amerísk ættaði leikari Ray fæddist í Queens í New York árið 1957. Þótt ótrúlegt megi virðast fór Ray í háskóla til að gerast bókhaldari en hætti þó fljótlega. Hann birtist fljótlega í gamanþáttum. Húmor hans þótti ekki henta grínþáttum og því átti hann nokkuð erfitt uppdráttar þar til hann hóf að leika í sínum eigin þáttum, Everybody Loves Raymond, árið 1996. Árið 2004 sló Ray öll met og varð hæst launaði sjónvarpsleikari sögunnar með 50 milljónir dollara á ári. Ray leikur í Everybody Loves Raymond á SkjáEini-um kl. 22.50 í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON SKRIFAR UM HUGPRÝÐI OG EIGIN NIÐURLÆGINGU

Hvað vegur fullvaxin og vel nærð flatlús?

Íslendingar hafa mikla ást á spurningaleikjum hvers konar. Mér kippir í kynið hvað það varðar. Elska spurningakeppnir. Elska Trivial Pursuit. Hvað er betra en að sitja yfir jólakökum og heitu súkkulaði og velta fyrir sér nafni á afrétt eða skriðjökli í norðanverðum Vatnajökli. Sumir muna hver var Íslandsmeistari í boccia árið 1982, allt þessu stórskemmtilega spili að þakka. Ég hef persónulega einu sinni klikkað á því að nefna aðsetur forseta Íslands. Síðan er það ævinlega kallað Bessastaðir þegar einhver klikkar á auðveldu spurningunum í mínum vinahópi. Ég hugsa alltaf um þessa niðurlægingu mína þegar ég á leið um Álfanesið. Einstaka martraðir hafa líka fylgt. Þá er ég einn í líði á móti Illuga Jökulssyni, Stefáni Pálssyni og Sverri Jakobssyni í sjónvarpsal. Úrslitaspurningin er alltaf sú sama. Bessastaðaspurningin. Ég klikka. Þeir hlægja sig máttlausar; fá þjóðarathygli og ást ungra meyja. Eins og allir sem vinna spurningakeppnir.

Spurningakeppnir eru einstaklega vel heppnað sjónvarpsfærni. Það er ekki annað hægt en að dást að þeim sem taka þátt. Fólk sem tekur þá áhættu að klikka á Bessastaðaspurningu fyrir framan alþjóð eru hetjur í minni bók. Þetta eru gladiatorar samtímans sem leggja allt í sölurnar til að skemmta okkur hinum. Í Gettu betur hefur það ávallt verið svo að spurningasmiðurinn og dómari keppinnar nýtur sérstakrar virðingar. Hann á hana skilið, svo mikið riður á hugmyndaflugi viðkomandi til að þættirnir gangi upp. Davíð Þór Jónsson er sérstaklega hæfur. Hann er fróður og máttulega mikill besserwisser til að láta í það skína að hann hafi ekki þurft að fletta einni einustu bók á meðan hann samdi spurningar sem traúla nokkur maður getur vítað svar við.



Hvað spurninguna hér að ofan varðar þá veit þetta náttúrulega ekki nokkur maður. Nema ef væri Davíð Þór.

EKKI MISSA AF



► **20.00** The O.C Skjáreinn



► **20.05** Grey's Anatomy Stöð 2



► **20.00** S.W.A.T Stöð 2 bíó



► **21.15** Lost Sjónvarpið



► **20.00** Entertainment Tonight Sirkus

SJÓNVARPIÐ

- 15.45 Helgarsportíð
 - 16.10 Ensku mörkin
 - 17.05 Leiðarljós
 - 17.50 Tákn málsfréttir
 - 18.00 Myndasafnið
 - 18.01 Fyndin og furðuleg dýr (15:26)
 - 18.06 Litla prinsessan (5:30)
 - 18.16 Halli og risaæðlufatan (1:26)
 - 18.30 Ástfangnar stelpur (13:13)
 - 19.00 Fréttir
 - 19.30 Veður
 - 19.35 Kastljós
 - 20.25 Sannleikurinn um Eiffel-turninn (1:2)
- (La legende vrai de la tour Eiffel) Frönsk heimildamynd í tveimur hlutum um turninn frá París sem tók fimm ár að reisa og var fullgerður 31. mars 1889, skömmu fyrir heimssýninguna. Turninn er 300 metra há og úr járn. Margir töldu óhugsandi að byggja svo hátt mannvirki en verkfræðingurinn og arkitektinn Gustave Eiffel gerði drauminn að veruleika. Seinni hlutinn verður sýndur að viku liðinni.
- 21.15 Lífsháski
- Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 22.00 Tíufréttir
 - 22.25 Ensku mörkin
 - 23.25 Spaugstofan
 - 23.50 Kastljós
 - 00.40 Dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.00 S.W.A.T.
- 08.00 Svampur Sveinsson - Bíómyndin
- 10.00 The Commitments (e)
- 12.00 How to Kill Your Neighbor's D
- 14.00 Svampur Sveinsson - Bíómyndin
- 16.00 The Commitments (e)
- 18.00 How to Kill Your Neighbor's D
- 20.00 S.W.A.T. Hasarspennamynd af allra bestu gerð. Aðalhlutverk: Samuel L. Jackson, Colin Farrell.
- 22.00 Darklight Dularfull og ævintýraleg hasamynd.
- 00.00 Cradle 2 the Grave
- 02.00 Robocop 2
- 04.00 Darklight



SIRKUS TV

- 18.00 Insider (e)
 - 18.30 Fréttir
 - 19.00 Ísland í dag
 - 19.30 Fashion Television
- Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tískuheiminum í dag.
- 20.00 Entertainment Tonight
- Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum.
- 20.30 Janice Dickinson Modeling Age
- Eftir að hafa verið dómari í þáttunum America's Next Top Model í nokkur ár, fannst Janice kominn tími til að breyta til. Hún ákvað því að opna sína eigin umboðsskrifstofu og til að gera verkefnið enn meira spennandi lætur hún taka allt ferlið upp fyrir sjónvarpið.
- 21.00 Dirty Dancing
 - 21.50 Tuesday Night Book Club - NÝT
- Í þáttunum Tuesday Night Book Club fáum við að fylgjast með hópi húsmæðra sem hittast öll þriðjudagskvöld í saumaklúbbi.
- 22.40 Trading Spouses
- Nokkrar fjölskyldur taka sig til og prófa nýtt líf.
- 23.30 Insider
- Í þessum þáttum fara stjórmenndir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight.
- 23.55 Twenty Four - 2 (e)
 - 00.40 Entertainment Tonight (e)
 - 01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SKJÁREINN

- 07.15 Beverly Hills 90210 (e)
 - 08.00 Rachael Ray (e)
 - 08.45 Vörutorg
 - 09.45 Melrose Place (e)
 - 14.50 Vörutorg
 - 16.15 Game tívi (e)
 - 16.45 Beverly Hills 90210
 - 17.30 Melrose Place
 - 18.15 Rachael Ray
 - 19.00 Everybody Loves Raymond (e)
 - 19.30 Malcolm in the Middle (e)
 - 20.00 The O.C. (9:16)
- Kaitlin fær einkakennara, Summer og Seth vita ekki alveg í hvorn fótinn þau eiga að stíga og Sandy er ekki alveg sáttur við veru Franks í Newport.
- 21.00 Heroes (11:23)
- Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk sem öðlast óvenjulega hæfileika. Peter er í fangelsi eftir að hann var handtekinn í Odessa og Nathan þarf að reyna að bjarga máluunum. Claire reynir að segja pabba sínum sannleikann. Matt og Audrey fá nýjar vísendingar um Sýlar og Niki þarf að taka erfiða ákvörðun til að bjarga fjölskyldu sinni.
- 22.00 C.S.I. (10:24)
- Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar Las Vegas borgar. Grissom rannsakar morð í sláturhúsi og agnarsmá eftirlitling af morðstöðnum finnst skammt frá.
- 22.50 Everybody Loves Raymond
 - 23.15 Jay Leno
 - 00.05 Boston Legal (e)
 - 01.05 Psych (e)
 - 01.55 Vörutorg
 - 02.55 Beverly Hills 90210 (e)
 - 03.40 Melrose Place (e)

SKJÁR SPORT

- 14.00 Wigan - Fulham (frá 17. mars)
- 16.00 Blackburn - West Ham (frá 17. mars)
- 18.00 Þrumuskot
- 19.00 Ítölsku mörkin
- 20.00 Man. Utd. - Bolton (frá 17. mars)
- 22.00 Að leiklokum
- 23.00 Ítölsku mörkin (e)
- 00.00 Charlton - Newcastle
- 02.00 Dagskrárlök

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurféttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.

16.45 og 17.45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Vesturport BORGARLEIKHÚSIÐ
MIÐASALA Í SÍMA 568 8000
OG Á WWW.BORGARLEIKHUS.IS



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.50

American Idol

Stór stund rennur upp í kvöld í American Idol þegar sjálf úrslitakeppnin hefst. Bandaríska þjóðin hefur valið tólf frambærilegustu söngvarana til að keppa til úrslita og allir eru þeir staðráðnir í að verða næsta Idol-stjarna Bandaríkjanna. Úrslitakeppnin verður stjórnun hlaðin en í hverjum þætti verður margfrægur gestadómari sem mun miðla þekkingu sinni og reynslu til keppenda. Í þessum fyrsta þætti verður söngdíván Diana Ross gestadómari, en hún er ein farsælasta söngkona tónlistarsögunnar og á að baki fleiri söngsmelli en flestir aðrir, bæði ein og með The Supremes á 7. áratug síðustu aldar. Þættirnir sem sýndir eru á tveimur kvöldum vestanhafs eru sýndir í heild sinni á mánudögum á Stöð 2. Keppendur byrja á að syngja lög sín og strax á eftir kemur annar þáttur þar sem úrslitin verða tilkynnt.



►Við mælum með **SANNLEIKURINN UM EIFFEL-TURNINN**
Sjónvarpið kl. 20.25

Frönsk heimildarmynd í tveimur hlutum um turninn fræga í París. Fimm ár tók að reisa turninn en hann var fullgerður 31. mars 1889, skömmu fyrir heimssýninguna. Turninn er 300 metra hár og úr járn. Margir töldu óhugsandi að byggja svo hátt mannvirkir en verkfræðingurinn og arkitektinn Gustave Eiffel lét drauminn verða að veruleika. Seinni hlutinn verður sýndur að viku liðinni.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregni 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.05 Morgunvaktin 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Laufskálinn 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregni 10.13 Stefnumót
11.00 Fréttir
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.03 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregni
13.00 Vitt og breitt
14.00 Fréttir
14.03 Útvarpsagan: Landslag er aldrei asnalegt
14.30 Miðdegistónar
15.00 Fréttir
15.03 Krossgötur
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregni
16.13 Hlaupanótan
17.00 Fréttir
17.03 Viðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
19.00 Vítinn
19.30 Laufskálinn
20.10 Söngvámál
21.00 Vísindamaður á tali
22.00 Fréttir
22.10 Veðurfregni
22.15 Lestur Passíúsálma
22.22 Úr tónlistarlífínu
00.00 Fréttir
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum
FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

14.40 Spænski boltinn (Real Zaragoza - Atl. Madrid)

16.20 PGA Tour 2007 Bein útsending frá lokadegi boðsmóts Arnolds Palmers.

19.20 Coca Cola mörkin Hér er farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu.

19.50 FA Cup 2006 (Man. Utd. - Middlesbrough) Bein útsending frá síðari leik Manchester United og Middlesbrough í átta liða úrslitum ensku bikarkeppninnar FA Cup. Fyrri leik liðanna á Riverside lauk með jafntefli 2:2. Leikið verður til þrautar.

21.50 FA Cup 2006 (Tottenham - Chelsea)

23.30 Þýski handboltinn

00.00 Spænsku mörkin

00.45 Football and Poker Legends í heimsmótaröðinni í póker eru sautján mót sem fram fara víðs vegar um heiminn. Þar er keppt um háar upphæðir og gjarnan eru þar atvinnumenn á ferð. Við og við eru svo haldin óhefðbundin mót þar sem stórstjörnum úr Hollywood eða íþróttum er boðið að setjast að spílaborðinu.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignir á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

6.00 Den lille prinsesse 6.10 Peter Pedal 6.30 Anton - min hemmelige ven 7.00 Postmand Per 7.15 Rubbadubbers 7.30 Kongehuset 8.00 Italienske fristelser 8.30 Når livet bliver for svært 9.30 Attention Mobning 10.00 DR-Derude i Kina 10.30 Herlufsholm 11.00 TV Avisen 11.10 21 Søndag 11.50 Eksperiment Mobning - når de voksne slås 12.50 Aftenshowet 13.20 Vagn hos kiwieme 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 Hjertefilmer 15.30 En hårrejsende hare 15.35 Monster allergi 16.00 Troldeøjlet 16.30 Den lille brandskole 16.55 Gurli Gris 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 17.55 Aftenshowet med Vejret 18.30 Ud i det blå 19.00 Windsor Castle 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Hercule Poirot 22.35 OBS 22.40 Poul Martinsen kavalkade 23.25 Hjertefilmer

NRK1

8.30 Sorgens ansikter 9.00 Siste nytt 9.05 Med hjertet på rette staden 10.00 Siste nytt 10.05 Ut i naturen: Luftkrig 11.00 Siste nytt 11.05 Lonely Planet 12.00 Siste nytt 12.05 Schrödingers katt 12.30 Migropolis: Best på bortebane 13.00 Siste nytt 13.05 Norge rundt 13.30 Åpen himmel 14.00 Siste nytt 14.05 Lyoko 14.30 Den blå sandens hemmelighet 15.00 Siste nytt 15.03 Totalt genialt! 15.30 Fabrikken 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Mikkes klubbhus 17.25 Sauer 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Faktor: Bare Marte 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Forbrytelsen 21.30 Cato Bekkevold 22.00 Kveldsnytt 22.15 Store Studio 22.55 Dalziel og Pascoe 23.45 Dalziel og Pascoe

SVT 1

8.30 Världen 9.30 Ekonomicoaching 9.55 Ramp om matematik 10.25 Mattepatrullen 10.35 Mattepatrullen 11.00 Rapport 11.05 Agenda 12.00 Sportspegeln 13.30 En flicka kommer till stan 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Vet hut! 16.30 Krokmax 17.00 Charlie och Lola 17.15 Räkna med skägg 17.30 Djurbebisar 17.35 Orkestern och barn som komponerar 17.40 Dr Dogg 17.55 Känsliga bitar 18.00 Lilla sport-spegeln 18.30 Rapport 19.00 Leende guldbruna ögon 20.00 Plus 20.30 Kobra 21.15 Supernatural 21.55 Rapport 22.05 Kulturmyheterna 22.15 Hur man fejar ett dansband 22.45 Bingo Royale 23.30 Sopranos 0.25 Sändningar från SVT24 5.00 Gomorron Sverige

Falsta Flugfélag

Burt úr bænum ...

... MEÐ HÓPINN ÞINN

HAGSTÆÐAR HÓPAFERÐIR

Vinnufundur, ársráðgjafi eða hvaða tilefni sem er. Þegar styrkja skal líðsheildina og eiga góða stund saman eru hagstæðar hópaferðir svarið.

Reykjavík, Akureyri, Egilsstaðir, Ísafjörður, Vestmannaeyjar og Þórshöfn í Færeyjum.

Allar upplýsingar í síma 570 3075 og hopadeild@flugfelag.is

➔ flugfelag.is

Egilsstaðir

Ísafjörður

Akureyri

Vestmannaeyjar

Þórshöfn í Færeyjum



FLUGFÉLAG ÍSLANDS



„Það hefur aðallega verið Bylgjan, en ég hef aðeins hlustað á Útvarp Sögu undanfarið. Svo er það náttúrulega slökunartónlistin alltaf í andlitsböðunum.“

Helga Sigurðardóttir, snyrtifræðingur og eigandi snyrtistofunnar Salon Ritz við Laugaveg.

Tæknileg mistök hjá Eiríki Haukssyni

Myndbandið við Eurovision-lagið *Ég les í lófa þínum* sem var frumsýnt á dögnum hefur vakið mikla athygli, sérstaklega fyrir brúnan háralit hins annars rauðhærða Eiríks Haukssonar.

Eiríkur segir að síminn hjá sér hafi verið rauðglóandi að undanfögnu og gerir sér fyllilega grein fyrir að ekki séu allir sáttir. „Ég segi bara eins og Árni Johnsen: „Þetta voru tæknileg mistök,“ segir Eiríkur og hlær. „Við erum að tala um mann sem hefur aldrei

gert neitt við hárið á sér. Það átti bara að tóna hárið eins stundum er gert fyrir svona tukur en svo var bara enginn rauður litur eftir. Nú er bara að reyna að láta vind og vatn leika um hárið svo maður fái upprunalega litinn aftur,“ segir Eiríkur, sem er engu að síður ánægður með myndbandið. „Miðað við átta tíma vinnu í skítakulda í Hvalfirðinum þá er þetta fínt.“

Enska útgáfan af *Ég les í lófa þínum* fær góða dóma á Eurovision-síðunni *Esctoday.com*. Þar segja flestir að lagið sé aldeilis frábært og eigi mjög góða möguleika á að komast áfram í úrslitin. Rödd Eiríks Haukssonar er sögð afar kröftug og telja margir að þriðja skiptið hans í úrslitunum eigi eftir að verða það besta hingað til. -fb



RAUÐGLÓANDI SÍMALÍNA Eiríkur Hauksson hefur fengið mikil viðbrögð við nýjum hárlit sínum eftir að myndband við Eurovision-lagið var frumsýnt.

GAMLI GÓÐI EIKI HAUKS

Hér sést kappinn eins og flestir þekkja hann, en Eiríkur hefur aldrei áður gert neitt við hárið sér.

BJÖRN HLYNUR HARALDSSON: VESTURPORT SETUR UPP SUPERSTAR

Stjörnufans í Superstar

„Við erum að setja saman hljómsveit sem verður afar vel skipuð. Annars er undirbúningur bara í gangi og lítið hægt að segja um sýninguna á þessu stigi málsins,“ segir Björn Hlynur Haraldsson leikari. Björn vinnur þessa dagana að undirbúningi uppsetningar Vesturports á Jesus Christ Superstar sem fer á fjálarinnar í sumar.

Fjöldi þekktra tónlistarmanna og leikara mun koma að Superstar í sumar en ekki hefur enn verið gengið frá hlutverkaskipan ennþá. Meðal þeirra sem gefið hafa villryði fyrir því að taka þátt í verkefningu eru Krummi Björgvinsson úr Mínus, Jenni úr Brainpolice, Bjarni Hall úr Jeff Who? og söngkonan Lára Sveinsdóttir. Þá munu leikararnir Ólafur Darri Ólafsson, Ingvar E. Sigurðsson og Ólafur Egill Egilsson sömuleiðis hafa staðfest að þeir verði með.

Björn Hlynur segir að erfitt sé að segja til um nákvæmlega hvernig uppsetning hans á Jesus Christ Superstar verði. „Við gerum þetta alla vega eftir okkar höfði. Ég vona að þetta verði ekki of fyrirsjáanlegt,“ segir hann.

Um tíma leit út fyrir að tvær sýningar með lögnum úr Jesus Christ Superstar yrðu settar upp hérlandis í sumar. Meðlimir hljómsveitarinnar Dúndurfréttu höfðu áformað að setja upp sýningu en hafa horfið frá því eftir að þeim var gert ljóst að Vesturport á réttinn að sýningunni.

Björn Hlynur er annars með mörg járn í eldinum um þessar mundir. Fyrir utan Superstar er fyrirhugað að hann leikstýri nýju verki sem sett verður upp á Akureyri í haust. „Þetta er samstarfsverkefni milli LA og Vesturports, sýning sem ég mun skrifa og leikstýra. Þetta er verk sem er búið að vera fast í



MEÐ MÖRG JÁRN Í ELDINUM Björn Hlynur Haraldsson setur upp Superstar í sumar og skrifar og leikstýrir nýju verki á Akureyri í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



hausnum á mér í þó nokkurn tíma og ég þarf að fara að koma út. Ég get lofað því að það verður athyglisverð mönnun í þessu verki,“ segir Björn Hlynur.

hdm@frettabladid.is

VEL MANNABÍÐ Í SUPERSTAR Krummi úr Mínus, Baddi úr Jeff Who? og Lára Sveinsdóttir munu syngja í Superstar í sumar.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Árshátíð Kaupþings var haldin í Laugardalshöll á laugardagskvöld. Aðalnúmer kvöldins voru **Olsenbræðurnir** dönsku sem var mikið fagnað þegar þeir sungu lagið sitt viðfræga, *Fly on the Wings of Love*. Eurovision var þema kvöldsins og skemmtiatriðin tengdust flest því þema. **Eiríkur Hauksson** var að sjálf-sögu fenginn til að mæta og syngja nýja lagið en hann steig svo einnig á svið og tók Gleðibankann með Icy-tríóinu.

Stefán Hilmarsson og **Eyjólfur Kristjánsson** sungu einnig á árshátíð Kaupþings og **Selma Björnsdóttir** mætti og tók bæði Eurovision-lögin sín. **Páll Óskar Hjálmtýsson** var plötusnúður kvöldsins en tók líka lagið fyrir gesti. **Gísli Marteinn Baldursson** veiktist skyndilega og því var **Sigmar Guðmundsson** sjónvarpsmaður fenginn til að vera kynnrir við hlíð **Loga Bergmanns Eiðssonar**.

Athafnamaðurinn **Fríðrik Weisshappel** nýtur lífsins í Kaupmannahöfn um þessar mundir. Vor er í lofti og borgin er óðum að komast í samt horf eftir óeirðirnar á dögnum. Næstum því þrjú mánuðir eru liðin frá því Fríðrik hætti að reykja og segir hann vinum og kunningjum að sér hafi aldrei liðið betur. Og eins og frelsuðum manni sæmir þreystist Fríðrik seint á því að reyna að sannfæra aðra Íslendinga í Kaupmannahöfn um að láta af tobaksreykingum. -hdm

LÁRÉTT 2 mælieining á spennu rafstraums **6** halló **8** yfirgaf **9** þrá **11** peninga **12** fyrirtæki **14** hrææta **16** skóli **17** fljótfermi **18** for **20** tónlistarmaður **21** teikning af ferli.

LÓÐRÉTT 1 ofneysla **3** ógrynni **4** klapp **5** víður **7** uppnám **10** knæpa **13** ung stúlka **15** sót **16** starfsgrein **19** guð.

LAUSN

LÖRÉTT: 1 óhöf, 3 of, 4 lófatak, 5 tré, 7 æsingur, 10 krá, 13 mæ, 15 18 aur, 20 kk, 21 grat.
LÁRÉTT: 2 volt, 6 hæ, 8 for, 9 ósk, 11 fé, 12 firma, 14 náæta, 16 fg, 17 ras.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

Hvað er að fréttu?

Fréttir af fólki

www.visir.is

Fljúga í herþyrlum upp á fjallstinda

Gullsmiðurinn Ólafur Stefánsson og flugvirkinn Hrannar Sigurðsson eru að leggja af stað í mikla svaðilför til Kákasus-fjallgarðsins en þar hyggjast þeir renna sér niður snævipaktar hlíðar fjallanna á snjóbrettum. Hið mikla ferðalag hefst mánudaginn 21. mars og lýkur ekki fyrr en 5. apríl. „Við duttum niður á þetta þegar við vorum að skipuleggja ferð í Alpna,“ segir Ólafur en þá rákust þeir á vefsíðu þar sem skíðaferðir til Rússlands voru kynntar. „Eitt leiddi af öðru og nú erum við bara farnir að pakka niður og undirbúa okkur,“ útskýrir Ólafur. Ferðalagið hefst með tiltölulega notalegri flugferð til London, þaðan til Moskvu og svo hefst ævintýrið. „Við fljúgum síðan með lítilli rellu til Sotsj sem stendur við Svartahaf en þetta verður örugglega hættuleg-

asta stund ferðarinnar,“ segir Ólafur og hlær en rússneskar flugvélar hafa orð á sér fyrir að vera frekar vafasamar.

Sotsj er velþekktur sumarleyfisstaður rússneskra auðjöfra og mafiósa en vinirnir staldra stutt þar við. „Við förum með rútu til Krasnja Poljana sem er í rúmlega sjö hundruð metra hæð,“ útskýrir Ólafur.

Þeir félagar gera síðan ráð fyrir að prófa brekkurnar með hefðbundnum skíðalyftum en svo verða þeir fluttir með MI 8, rússneskum herþyrlum, upp á tinda Kákasus-fjallgarðsins. Þaðan geta þeir rennt sér niður í rúmlega fjörutíu mínútur samfleytt. „Þarna verðum við í níu daga og höldum síðan aftur til Moskvu og reynum að drekka í okkur rússneska menningu. Eða eins mikið og heilsan



HRANNAR OG ÓLAFUR eru að leggja af stað í mikla ævintýraferð til Kákasus-fjallanna þar sem þeir ætla að renna sér niður á snjóbrettum.

leyfir,“ segir Ólafur.

Þeir Ólafur og Hrannar eru miklir ofurhugar og snjóþrettaríðkun er ekki eina jaðarsport-

íð sem þeir leggja stund á. „Nei, við höfum verið að reyna við mórtorkross, köfun, veiði og straumvatnsþróttir,“ segir Ólafur.

Fermingatíloð 2007

**Betra
BAK**



Heilsudýnur uppbyggðar til að laga sig að þér og þínum líkama

Gormakerfið er stífar á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Gormakerfið er læst saman langsöm til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma er 220 pr. fm. í Multi Spring kerfinu. Dýnan er með Conforma heilsu og hægindalagi beggja vegna. Steyptir hliðarkantar sem veita 25% meira svefnsvæði.

Val um hvíta eða svarta leðurlook botna með SquareAlu löppum án aukagjalds!!!
Gildir aðeins í mars



Chiro Crown heilsudýna með botni og löppum:

80x200 cm Verð áður ~~kr. 62.664,-~~ Nú kr. 51.900,-
90x200 cm Verð áður ~~kr. 65.978,-~~ Nú kr. 54.900,-
100x200 cm Verð áður ~~kr. 72.787,-~~ Nú kr. 59.900,-
120x200 cm Verð áður ~~kr. 82.966,-~~ Nú kr. 69.900,-
140x200 cm Verð áður ~~kr. 98.300,-~~ Nú kr. 79.900,-

THE **NeverTurn**
MATTRESS

Chiro Standard heilsudýna með botni og löppum:

100x200 cm Verð áður ~~kr. 86.400,-~~ Nú kr. 69.900,-
120x200 cm Verð áður ~~kr. 98.300,-~~ Nú kr. 79.900,-

Leggðu grunn að góðum degi



Val um 100% náttúruleg gæðafni



Laserskorin ConformaFoam eða Latex heilsu og hægindalag



Steyptar hliðarsyrkingar tryggja stífan setkant og meira svefnsvæði



Tvíhert háþróað gormakerfi

Staðreyndir um Chiro

Svefnsófar með heilsudýnu



15 sekúndur



Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og sjáðu glæsilegan sýningarsal okkar fullan af nýjum svefnsófum.

Svefnsófar með MicroFiber áklæði í mörgum litum og stærðum.



Senseo svefnsófi



Svefnkollar

**Betra
BAK**

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

LYFJA
- Lífið heil

Opið 8-24
alla daga

Lyfja Lág múla
Lyfja Smáratorgi



BAKPAKKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Neytandinn sem auðlind

Botnlaus viðskiptahalli þjóðarinnar bendir til þess að verðmætasta auðlind hennar, neytendastofninn, sé gróflega ofnýttur, enda hefur hvaða sótraftur sem er ótakmarkað veiðileyfi á hinn íslenska neytanda. Því væri skynsamlegt að koma hér á kerfi til að vernda neytandann og tryggja að ekki verði svo nærri honum gengið að hann og þjóðin öll verði gjaldþrota. Langbesta aðferðin sem fundin hefur verið upp til að vernda auðlindir er hið eitursnjalla kvótakerfi. Síðan það var tekið upp við fiskveiðistjórnun hafa bæði þorskurinn og útgerðarmenn svifið um með sælubros á vör.

KVÓTAKERFI í verslun yrði þannig að verslunarkvóta væri úthlutað til þeirra sem nú eru að berjast við að stunda þessa áhættusömu atvinnugrein. Kvótaeignin yrði í hlutfalli við veltu hvernar verslunar undanfarin þrjú ár. Kvótalaus fólki væri að sjálfsögðu óheimilt að stunda verslun og viðskipti þótt hugsanlega mætti heimila söfnurum að skiptast á frímerkjum innbyrðis.

KVÓTAKERFI í verslun mundi gera verslun í landinu hagkvæmari og skilvirkari. Öflugir aðilar gætu keypt verslunarkvótann af eigendum gamalla og úreltra smáverzlana, þannig að þeir sem nú reka óarðbærar búðarholur í fámennum krummaskuðum gætu selt verslunarkvóta sinn og sest í helgan stein í Reykjavík. Einnig gætu verslunarkvótaeigendur leigt út verslunarkvóta sinn og stundað þannig arðbær viðskipti án þess að þurfa framfar að standa í að vigta ketfars.

KVÓTAKERFI í verslun mundi stuðla að skynsamlegri versunarrekstri. Ein verslun í hverjum landsfjórðungi og tvær í Reykjavík gætu hæglega afkastað öllum viðskiptum sem íslenski neytendastofninn getur staðið undir. Til að ná þjóðarsátt um kvótakerfi í verslun mætti slaka inn í stjórnarskrána málamyndaákvæði um að neytandinn sem auðlind yrði áfram hluti af þjóðinni og eign þjóðarinnar ... bla ... bla ... bla ... þótt leyfið til að nýta auðlindina og braska með hana væri að sjálfsögðu í höndum kaupmanna og afkomenda þeirra. Þetta þolir enga bið. Verndun íslenska neytendastofnsins er stærsta hagsmunamálið samtímans.



Elsku Linda mín.
Komdu heim...
og skilaðu bílnum!

2 DAGA REYNSLUAKSTUR SUBARU LEGACY*

Það er algengt að fólk ánetjist Subaru, enda eiga öryggid, þægindin og aksturseginnleikarnir sér enga hlíðstæðu. Þess vegna lánnum við þér bílinn í allt að 48 klst. þegar þú kemur í reynsluakstur. Aktu í vinnuna, skutlaðu krökkunum í skólann, verslaðu og heillaðu þína nánustu. Upplifðu Subaru við þínar aðstæður. – Passaðu bara að gleyma ekki að skila honum.

Pantaðu 2 daga reynsluakstur í síma 525 8088

* SJÁ SKILMÁLA Á WWW.SUBARU.IS ** Bilasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði og sérkjör hjá Glitni

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opíð: Mán. - fös. kl. 9:00 - 18:00. Lau. 12:00 - 16:00.

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN



Sedan verð frá 2.490.000,- Bilasamningur Glitnis** 30.243,-
Wagon verð frá 2.640.000,- Bilasamningur Glitnis** 32.049,-

Pioneer
...er gleðigjafi!



PIONEER DCS-353
5.1 RÁSA HEIMABÍÓKERFI



Pioneer
MED FULLKOMNA FORYSTU

- Kraftmikill 360W RMS magnari
- HDMI útgangur skilar stafrænni mynd og hljóði alla leið
- USB inngangur til að spila tónlist og sýna ljósmyndir beint af minniskubbum og MP3 spilurum
- Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX

Tilboðsverð: 49.900,- kr.

ORMSSON

ELLEFU VERSLANIR OG UMBODSMENN UM LAND ALLT